

MANNRÉTTINDADÓMSTÓLL

EVROPU 2012

Dómareifanir

1. hefti 2012 (janúar–júní)

Mannréttindastofnun Háskóla Íslands

Ritstjóri: Björg Thorarensen
Ritnefnd: Arnar Þór Stefánsson
Hrafn Bragason

Mannréttindadómstóll Evrópu
Dómareifanir
1. hefti 2012 (janúar – júní)

© Mannréttindastofnun Háskóla Íslands
ISSN 1670-6145
Ljósmynd á kápu er fengin frá Evrópuráðinu



Prentun: Oddi umhverfissvottuð prentsmiðja

Útgáfan er styrkt af innanríkisráðuneytinu

Frá ritstjóra

Meðal athyglisverðra dóma Mannréttindadómstóls Evrópu sem reifaðir eru í þessu hefti er dómur í máli *Granos Organicos Nacionales S.A. gegn Þýskalandi* frá 22. mars 2012. Þar var fjallað um kæru hlutafélags í Perú sem neitað var um gjafsókn til að höfða mál gegn þýsku fyrirtæki sem það átti viðskipti við, en samkvæmt þýskri löggjöf eiga fyrirtæki sem starfa innan Evrópusambandsins rétt til gjafsóknar í einkamálum að nánar tilteknum skilyrðum uppfylltum. Dómurinn tókst á við tvær mikilvægar spurningar. Annars vegar hvort réttur til gjafsóknar í einkamáli sé sjálfstæður þáttur í rétti til þess að bera mál sitt undir dómstóla samkvæmt 1. mgr. 6. gr. Mannréttindasáttmála Evrópu og hins vegar hvort lögaðilar njóti sömu réttinda og einstaklingar í þessu tilliti.

Dómstóllinn benti á að réttur til gjafsóknar sé ekki órjúfanlegur þáttur í 6. gr. og jafnframt að ekki væri samstaða um það í aðildarríkjum sáttmálans hvort lögaðilar eigi að njóta þessa réttar. Í allmörgum aðildarríkjum væri ekki fallist á að gjafsóknarréttur næði til lögaðila. Jafnvel þótt þýsk löggjöf gerði greinarmun á fyrirtækjum innan og utan Evrópusambandsins, væri lakari réttur fyrirtækja utan sambandsins í þessum efnun réttlætunlegur.

Dómurinn er m.a. áhugaverður fyrir þá sök að staða lögaðila er skoðuð sérstaklega og rætt um hvaða sjónarmið geti legið að baki réttindavernd þeirra. Þá er víst að Ísland er í hópi þeirra ríkja þar sem réttur til gjafsóknar í einkamálum takmarkast við einstaklinga. Hins vegar er þróun í þá átt innan ríkja Evrópusambandsins að lögaðilar njóti réttar til gjafsóknar með vísan til mannréttindaákvæða, m.a. réttindaskrár ESB, um rétt til aðgangs að dómstólum. Má telja líklegt að sú samstaða sem skortir í Evrópuríkjum um málefnið í dag muni smám saman mótast og hugsanlega leiða til þess að afstaða Mannréttindadómstólsins breytist að þessu leyti í framtíðinni þannig að réttur lögaðila til gjafsóknar teljist falla undir vernd 6. gr. sáttmálans.

Fleiri dóma má benda á sem geta haft þýðingu fyrir íslenska lagaframkvæmd og reifaðir eru í ritinu. Í dóminum *Vejdeland o.fl. gegn Svíþjóð* frá 9. febrúar 2012 kom til skoðunar kæra manna sem dæmdir voru til refsingar fyrir að breiða út hatursáróður meðal nemenda í framhaldsskóla gegn samkynhneigðu fólki. Töldu kærendur brotið gegn tjáningarfrelsi sínu. Í dóminum er lýst vel þeim sjónarmiðum sem vegast á við mat á því hvort refsa eigi fyrir tjáningu sem felur í sér hatursáróður á grundvelli lagaákvæðis sem er sambærilegt 233. gr. a í almennum hegningarlögum hér á landi. Fleiri dómur um tjáningarfrelsi og mörk þess gagnvart friðhelgi einkalífs gengu á fyrri hluta ársins þar sem m.a. reyndi á hvernig ætti að skýra hugtakið opinber persóna og álitamál um lögbann við umfjöllun um frægt fólk í samfélaginu. Í tveimur dómum gegn Þýskalandi, annars vegar í máli *Axels Springer AG* frá 7. febrúar og hins vegar máli *Karólinu og Ernst von Hannover* frá 7. febrúar 2012 tók dómstóllinn afstöðu til þess hverjar væru afleiðingar þess

að vera opinber persóna og hvort umfjöllun um einkalíf þeirra ætti erindi til almennings.

Á vettvangi Evrópuráðsins er enn unnið að breytingum á málsmeðferðarreglum Mannréttindadómstólsins til þess að bregðast við auknum kærufjölda. Á fundi ráðherra nefndar Evrópuráðsins sem haldinn var í Brighton í Bretlandi í apríl sl. gáfu ráðherrar ríkjanna út yfirlýsingu um framtíð Mannréttindadómstólsins. Meðal breytinga sem þar eru lagðar til er að stytta kærufrest til dómstólsins úr sex mánuðum í fjóra og þrengja enn frekar kæruskilyrði þannig að minni háttar málum verði vísað frá á frumstigi. Ljóst er að þessar tillögur stefna að því að draga úr möguleikum einstaklinga í aðildarríkjum sáttmálans að fá mál sín tekin fyrir og álitamál hvort með því er vikið um of frá meginmarkmiði og einkenni eftirlitskerfis sáttmálans að veita einstaklingum beinan kærurétt til dómstólsins.

Reifanirnar í þessu hefti unnu laganemarnir Aron Freyr Jóhannsson, Ágústa Flosadóttir, Halldór Hrannar Halldórsson og Gunnar Páll Baldvinsson lögfræðingur en ritstjórn og umsjón með heftinu var í höndum Arnars Þór Stefánssonar hrl. Er þeim færðar bestu þakkir fyrir samvinnuna

Björg Thorarensen

Efnisyfirlit

1. hefti 2012 (janúar–júní)

1. gr. Skylda til að virða mannréttindi	8
Hirsi Jamaa o.fl. gegn Ítalíu. Dómur frá 23. febrúar 2012 (sjá reifun undir 4. gr. 4. viðauka).....	8
2. gr. Réttur til lífs	8
Ilbeyi Kemaloglu and Meriye Kemaloglu gegn Tyrklandi. Dómur frá 10. apríl 2012 <i>Jákvæðar skyldur. Vanræksla. Börn. Réttarúrræði.</i>	8
3. gr. Bann við pyndingum	10
Othman (Abu Qatada) gegn Bretlandi. Dómur frá 17. janúar 2012 <i>Framsal. Hætta á pyndingum. Notkun sönnunargagna sem aflað er með pyndingum. Grunur um hryðjuverk.</i>	10
Vinter o.fl. gegn Bretlandi. Dómur frá 17. janúar 2012 <i>Refsingar. Ævilangt fangelsi. Möguleiki á reynslulausn</i>	12
Harkins og Edwards gegn Bretlandi. Dómur frá 17. janúar 2012 <i>Framsal. Dauðarefsing. Ævilangt fangelsi.</i>	13
Popov gegn Frakklandi. Dómur frá 19. janúar 2012 (sjá reifun undir 5. gr.) Hirsi Jamaa o.fl. gegn Ítalíu. Dómur frá 23. febrúar 2012 (sjá reifun undir 4. gr. 4. viðauka) S.F. o.fl. gegn Svíþjóð. Dómur frá 15. maí 2012 <i>Hælisleitendur. Brottvísun.</i>	15
Nacic o.fl. gegn Svíþjóð. Dómur frá 15. maí 2012 (sjá reifun undir 5. gr.)	
5. gr. Réttur til frelsis og mannhelgi	17
Othman (Abu Qatada) gegn Bretlandi. Dómur frá 17. janúar 2012 (sjá reifun undir 3. gr.) Popov gegn Frakklandi. Dómur frá 19. janúar 2012 <i>Hælisleitendur. Frelssvipting. Börn.</i>	17
Austin o.fl. gegn Bretlandi. Dómur frá 15. mars 2012 <i>Mótmælafundur. Lögregluaðgerðir. Skerðing á ferðafrelsi.</i>	19
6. gr. Réttur til réttlátrar málsmeðferðar fyrir dómi	21
Othman (Abu Qatada) gegn Bretlandi. Dómur frá 17. janúar 2012 (sjá reifun undir 3. gr.) Granos Organicos Nacionales S.A. gegn Þýskalandi. Dómur frá 22. mars 2012 <i>Gjafsókn. Lögáðilar. Mismunandi meðferð á grundvelli þjóðernis.</i>	21

Efnisyfirlit

Boulois gegn Lúxemborg. Dómur frá 3. apríl 2012 <i>Fangar. Leyfi úr fangelsi. Réttindi og skyldur að einkamálarétti.</i>	22
UTE Saur Vallnet gegn Andorra. Dómur frá 29. maí 2012 <i>Sjálfstæður og óvilhallur dómstóll. Vanhæfi dómara. Heimildir til endurupptöku.</i>	23
Keskinen og Veljekset Keskinen OY gegn Finnlandi. Dómur frá 5. júní 2012 <i>Opinber málsmeðferð. Munnlegur málfutningur í sakamáli.</i>	24
8. gr. Friðhelgi einkalífs og fjölskyldu	26
Popov gegn Frakklandi. Dómur frá 19. janúar 2012 (sjá reifun undir 5. gr.) Karólína og Ernst August von Hannover gegn Þýskalandi. Dómur frá 7. febrúar 2012 <i>Fjölmiðlar. Opinberar persónur. Samfélagsleg umræða.</i>	26
Antwi o.fl. gegn Noregi. Dómur 14. febrúar 2012 <i>Útlendingar. Brottvísun. Fjölskyldulíf.</i>	28
Gas og Dubios gegn Frakklandi. Dómur frá 15. mars 2012 (sjá reifun undir 14. gr.) Konstantin Markin gegn Rússlandi. Dómur frá 22. mars 2012 (sjá reifun undir 14. gr.) Ahrens gegn Þýskalandi. Dómur frá 22. mars 2012 (sjá reifun undir 14. gr.) Gillberg gegn Svíþjóð. Dómur frá 3. apríl 2012. (sjá reifun undir 10. gr.) Van der Heijden gegn Hollandi. Dómur frá 3. apríl 2012 <i>Vitnaskylda. Meðferð refsímals.</i>	29
Stübing gegn Þýskalandi. Dómur frá 12. apríl 2012 <i>Kynferðissambönd. Refsingar við kynmökum systkina.</i>	31
Nacic o.fl. gegn Svíþjóð. Dómur frá 15. maí 2012 <i>Hælsleitendur. Brottvísun. Heilsufarsvandamál.</i>	32
Santos Nunes gegn Portúgal. Dómur frá 22. maí 2012 <i>Börn. Forsjá. Fullnusta dóma. Athafnaleysi stjórnvalda.</i>	34
E.S. gegn Svíþjóð. Dómur frá 21. júní 2012 <i>Leynilegar myndatökur. Jákvaðar skyldur. Refsilöggjöf.</i>	35
9. gr. Hugsana-, samvisku og trúfrelsi	37
Sessa Francesco gegn Ítalíu. Dómur frá 3. apríl 2012 <i>Lögmenn. Starfsskyldur. Helgidagar.</i>	37
10. gr. Tjáningarfrelsi	38
Axel Springer AG gegn Þýskalandi. Dómur frá 7. febrúar 2012 <i>Opinberar persónur. Fikniefnamál. Lögbann.</i>	38
Vejdland o.fl. gegn Svíþjóð. Dómur frá 9. febrúar 2012 <i>Hatusáróður. Ummæli um samkynhneigða.</i>	40
Gillberg gegn Svíþjóð. Dómur frá 3. apríl 2012 <i>Skylda til að afhenda gögn. Rannsóknargögn í háskóla.</i>	42

Efnisyfirlit

Schweizerische Radio- und Fernsehgesellschaft SRG gegn Sviss. Dómur frá 21. júní 2012	
<i>Fangar. Sjónvarpsupptökur í fangelsi.</i>	44
Ahrens gegn Þýskalandi. Dómur frá 22. mars 2012	
<i>Börn. Fadernismál. Réttur til að fá faðerni viðurkennt.</i>	44
14. gr. Bann við mismunun	45
Gas og Dubios gegn Frakklandi. Dómur frá 15. mars 2012	
<i>Ættleiðing. Samkynhneigðir. Réttarstaða sambúðarmaka.</i>	45
Konstantin Markin gegn Rússlandi. Dómur frá 22. mars 2012	
<i>Hermenn. Mismunun á grundvelli kynferðis. Foreldraorlof.</i>	46
1. gr. 1. viðauka. Friðhelgi eignarréttar	49
Malik gegn Bretlandi. Dómur frá 13. mars 2012	
<i>Hugtakið eign. Starf samkvæmt opinberu leyfi. Viðskiptavild.</i>	49
Lindheim o.fl. gegn Noregi. Dómur frá 12. júní 2012	
<i>Hugtakið eign. Leigusamningar um land. Réttindi leigusala.</i>	53
Herrmann gegn Þýskalandi. Dómur frá 26. júní 2012	
<i>Réttindi landeigenda. Veðiþjóf. Skoðanafrelsi. Skylduaðild.</i>	55
3. gr. 1. viðauka. Réttur til frjálsra kosninga	56
Sitaropoulos og Giakoumopoulos gegn Grikklandi. Dómur frá 15. mars 2012	
<i>Kosningar til þjóðþings. Réttur til kosningar utan kjörfundar.</i>	56
4. gr. 4. viðauka. Bann við hópbrottvísun útlendinga	57
Hirsi Jamaa o.fl. gegn Ítalíu. Dómur frá 23. febrúar 2012	
<i>Hælisleitendur. Yfirráðasvæði og lögsaga. Meðferð hælisbeiðni. Brottvísun.</i>	57

1. gr. Skylda til að virða mannréttindi

Hirsi Jamaa o.fl. gegn Ítalíu– Yfirdeild

Dómur frá 23. febrúar 2012

Mál nr. 27765/09

Sjá reifun dómsins undir 4. gr. 4. viðauka

Hælisleitendur. Yfirráðasvæði og lögsaga. Meðferð hælisbeiðni. Brottvísun.

2. gr. Réttur til lífs

Ilbeyi Kemaloglu and Meriye Kemaloglu gegn Tyrklandi

Dómur frá 10. apríl 2012

Mál nr. 19986/06

2. gr. Réttur til lífs

6. gr. Réttur til réttlátrar málsmeðferðar fyrir dómi

Jákvæðar skyldur. Vanræksla. Börn. Réttarúrræði.

1. Málsatvik

Kærendur, Ilbeyi Kemaloglu og Meriye Kemaloglu, eru tyrkneskir ríkisborgarar, fædd árin 1965 og 1974 og búsett í Ístanbul. Sjö ára sonur þeirra, A, lést árið 2004 er hann gekk heim úr skóla í miklu óveðri. Skólanum hafði verið lokað snemma þennan dag vegna óveðursins og skólastjórinn hafði ekki gert sérstakar ráðstafanir til að koma börnunum heim. A lagði af stað gangandi heim til sín en heimili hans var í rúmlega 4 km fjarlægð frá skólanum. Þegar hann skilaði sér ekki heim höfðu kærendur samband við lögreglu. Lík A fannst daginn eftir frosið nærri árbakka. Rannsókn leiddi í ljós að skólastjórinn hafði vanrækt að tilkynna rútuþjónustu sveitarfélagsins um að skólanum yrði lokað snemma og aka þyrfti börnum heim fyrir. Honum var í kjölfarið veitt áminning vegna vanrækslu. Í ágúst 2004 stefndu kærendur tyrkneska ríkinu og héldu því fram að sonur þeirra hefði látist vegna vanrækslu yfirvalda og kröfðust miska- og skaðabóta. Umsókn þeirra um gjafsókn vegna fjárhagsástæðna var hafnað. Þann 4. október 2004 gaf saksóknari út ákæru á hendur skólastjóranum, aðstoðarskólastjóra og kennara A þar sem þeim var gefið að sök að hafa brotið af sér í starfi. Dómstóll sýknaði þremmenningana með vísan til þess að þeir hefðu ekki getað séð fyrir að vanræksla þeirra myndi leiða til dauða A. Áfrýjunardómstóll felldi dóm sakadóms úr gildi þann 11. nóvember 2010 vegna réttarfarságalla. Þremmenningarnir voru sýknaðir á nýjan leik með dómi árið 2011. Málinu var áfrýjað en hafði ekki verið tekið til efnislegrar meðferðar af áfrýjunardómstóli þegar dómur Mannréttindadómstólsins var kveðinn upp.

2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólnum

Kæran

Kærendur héldu því fram að ríkið hefði brotið gegn 2. og 6. gr. sáttmálans með því að tryggja ekki öryggi sonar þeirra og vegna mistaka í saksókn á hendur þeim sem borið höfðu ábyrgð á dauða hans. Þá hefði jafnframt verið brotið gegn rétti þeirra samkvæmt 6. gr. sáttmálans með því að hafna beiðni þeirra um gjafsókn án nokkurs rökstuðnings.

Niðurstaða

Um 2. gr.: Dómstóllinn tók fram að yfirvöld væru ekki skuldbundin til að bregðast við öllum hættum sem steðjað gætu að lífi einstaklinga. Hins vegar væri óumdeilt að koma hefði mátt í veg fyrir dauða A með því að tilkynna akstursþjónustu sveitarfélagsins um lokun skólans vegna veðurs. Tyrknesk yfirvöld höfðu því vanrækt að grípa til nauðsynlegra aðgerða til að tryggja öryggi Atalay. Hvað varðaði réttarræði sem stóðu kærendum til boða þá hafði bágur fjárhagur þeirra hindrað þau í að leita sjálf réttar síns fyrir dómstólum. Ennfremur var þeim neitað um gjafsókn án nokkurs rökstuðnings. Þótt rúm 8 ár væru frá því að atvikið átti sér stað hafði sakamálið enn ekki hlotið efnislega meðferð fyrir áfrýjunardómstóli. Dómstóllinn taldi að tyrkneskir dómstólar hefðu með langri málsmeðferð og með því að meina kærendum um aðgang að dómstólum vegna fjárhags þeirra komið í veg fyrir að kærendur fengnu fullnægjandi úrlausn mála vegna dauða sonar þeirra. Dómstóllinn komst að þeirri niðurstöðu að yfirvöld hefðu brotið gegn rétti kæranda samkvæmt 2. gr. sáttmálans.

Um 6. gr.: Dómstóllinn hafði í sambærilegum málum komist að þeirri niðurstöðu að brotið hefði verið gegn 6. gr. sáttmálans. Í þeim málum hafði umsóknur tyrkneskra ríkisborgara um gjafsókn verið hafnað. Dómstóllinn sá enga ástæðu til að víkja frá fordæmum sínum í þessu máli. Ákvörðun yfirvalda um að hafna beiðni kæranda um gjafsókn án fullnægjandi rökstuðnings leiddi til þess að þau gátu ekki leitað réttar síns fyrir tyrkneskum dómstólum og var með því brotið gegn réttindum þeirra samkvæmt 6. gr. sáttmálans.

Á grundvelli 41. gr. sáttmálans var tyrkneska ríkinu gert að greiða kærendum 50.000 evrur í miskabætur. Ríkinu var að auki gert að greiða kærendum 4.500 evrur vegna málskostnaðar.

3. gr. Bann við pyndingum

Othman (Abu Qatada) gegn Bretlandi

Dómur frá 17. janúar 2012

Mál nr. 8139/09

3. gr. Bann við pyndingum

5. gr. Réttur til frelsis og mannhelgi

6. gr. Réttur til réttlátrar málsmeðferðar fyrir dómi

13. gr. Réttur til raunhæfs úrræðis til að leita réttar síns

Framsál. Hætta á pyndingum. Notkun sönnunargagna sem aflað er með pyndingum. Grunur um hryðjuverk.

1. Málsatvik

Kærandi, Omar Othman (Abu Qatada), er jórdanskur ríkisborgari, fæddur 1960 í Jórdaníu. Hann er nú í haldi í fangelsi í Worcestershire á Englandi, grunaður um tengsl við al-Kaída hryðjuverkasamtökin. Kærandi kom til Bretlands í september 1993 og sótti um hæli á þeim grundvelli að hann hefði sætt pyndingum af hálfu jórdanskra stjórnvalda á árunum 1988 og 1990 til 1991. Hann fékk stöðu flóttamanns í Bretlandi árið 1994 og dvalarleyfi í landinu fram til júní 1998. Á meðan umsókn hans um varanlegt dvalarleyfi var til meðferðar hjá stjórnvöldum var hann settur í varðhald í október 2002 með vísan til laga um varnir gegn hryðjuverkum. Þegar lögin voru felld úr gildi í mars 2005 var honum sleppt gegn tryggingu, en gert að sæta eftirliti samkvæmt nýjum lögum. Hann kærði ákvörðunina um eftirlit, en áður en kæran var tekin fyrir var honum vísað úr landi til Jórdaníu.

Kærandi kærði ákvörðunina um að vísa honum úr landi til kærunefndar innflytjendamála í Bretlandi (SIAC). Hann hafði verið dæmdur í Jórdaníu, meðan hann dvaldi í Bretlandi, fyrir hlutdeild í hryðjuverkaárásum á árunum 1999 og 2000. Jórdönsk yfirvöld héldu því fram að hann hefði sent skilaboð til stuðningsmanna sinna í Jórdaníu og hvatt þá til að koma fyrir sprengjum á nánar tilgreindum stöðum. Kærandi hélt því fram að ef honum yrði vísað úr landi til Jórdaníu, yrði mál hans tekið upp að nýju þar í landi og hann ætti á hættu að verða pyndaður auk langs gæsluvarðhalds fram að réttarhaldinu. Þá fengi hann óréttláta málsmeðferð í Jórdaníu þar sem sönnunargögn í máli hans yrðu byggð á upplýsingum sem fengnar hefðu verið með pyndingum annarra sakborninga.

Kærunefndin tók ekki undir með kæranda og vísaði til þess að í gildi væri samningur milli Bretlands og Jórdaníu sem tryggði að hann myndi ekki sæta pyndingum og illri meðferð í heimalandi sínu þótt honum yrði vísað þangað. Þá taldi kærunefndin að endurupptaka máls hans myndi ekki ótvírætt leiða til þess að hann fengi óréttláta málsmeðferð fyrir dómi.

Kærandi reyndi að hnekkja niðurstöðunni fyrir dómi. Dómstóllinn tók undir með kæranda að hluta og taldi að hætta væri á að upplýsingar sem fengist

3. gr. Bann við pyndingum

hefðu með pyndingum yrðu notaðar gegn honum fyrir rétti í Jórdaníu. Slíkt bryti í bága við alþjóðlegt bann við pyndingum og væri skýrt brot gegn 6. gr. mannréttindasáttmálans. Þann 18. febrúar 2009 sneri hæstiréttur við niðurstöðu áfrýjunardómstólsins við og taldi tryggt að kærandi myndi ekki sæta pyndingum í heimalandi sínu. Þá komst dómstóllinn einnig að þeirri niðurstöðu að þótt upplýsingar sem fengnar væru með pyndingum yrðu notaðar í réttarhaldi yfir kæranda, yrði málsmeðferðin fyrir dómi ekki talin óréttlát af þeim sökum.

2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólnum

Kæran

Kærandi taldi að hann myndi sæta pyndingum og yrði neitað um réttláta málsmeðferð yrði honum vísað til Jórdaníu og með því yrði brotið gegn réttindum hans samkvæmt 3., 5., 6. og 13. gr. sáttmálans.

Niðurstaða

Um 3. gr.: Dómstóllinn áréttaði afstöðu sína sem staðfest væri í dómaframkvæmd að ekki mætti vísa kæranda til Jórdaníu, ef hætta væri á að hann myndi sæta pyndingum eða ómannúðlegri eða vanvirðandi meðferð þar í landi. Skýrslur frá stofnunum Sameinuðu þjóðanna og mannréttindasamtökum sýndu að jórdanska leyniþjónustan beitti oft pyndingum gegn grunuðum hryðjuverkamönnum og að dómstólar eða önnur stjórnvöld í Jórdaníu veittu borgurum engin úrræði til að leita réttar síns í slíkum málum. Kærandi teldist til þess hóps sem væri í hættu á að verða pyndaður, enda hefði hann haldið því fram að hann hefði sætt pyndingum áður en hann flúði til Bretlands. Það lá því fyrir dómstólnum að ákvarða hvort þau loforð sem jórdönsk yfirvöld höfðu gefið breskum yfirvöldum um að kærandi yrði ekki pyndaður nægðu til þess að vernda kæranda. Dómstóllinn komst að þeirri niðurstöðu að samningur milli landanna tveggja þar að lútandi væri bæði nákvæmur og yfirgripsmikill. Loforð hefðu verið gefin af jórdönskum stjórnvöldum sem væru staðfest af æðstu yfirvöldum þar í landi. Þar sem kærandi teldist þekktur einstaklingur yrðu jórdönsk yfirvöld undir umtalsverðum þrýstingi frá Bretlandi um að fylgja samkomulaginu. Ennfremur yrði framkvæmd samkomulagsins háð eftirliti hlutlausra mannréttindasamtaka sem hefðu óhindraðan aðgang að kæranda í fangelsi því sem hann myndi dvelja í. Það var því mat dómstólsins að kærandi teldist ekki vera í hættu á að sæta ómannúðlegri meðferð og að brottvísun hans til Jórdaníu teldist því ekki brot gegn 3. gr. sáttmálans.

Um 13. gr.: Dómstóllinn taldi að málsmeðferð kærunefndar innflytjendamála í Bretlandi hefði verið í samræmi við 13. gr. sáttmálans og því væri ekki um brot á þeirri grein að ræða.

Um 5. gr.: Dómstóllinn tók fram að það væri skýr vilji jórdanskra yfirvalda að réttað yrði yfir kæranda, og samkvæmt jórdönskum lögum yrðu málaferlin að hefjast innan 50 daga frá því að honum væri gert að sæta varðhaldi.

3. gr. Bann við pyndingum

Dómstóllinn taldi að sá tímarammi væri ekki andstæður 5. gr. sáttmálans og því bryti brottvísun hans ekki gegn þeirri grein.

Um 6. gr.: Dómstóllinn tók undir rök breska áfrýjunardómstólsins um að það teldist brot gegn reglum um réttláta málsmeðferð ef sönnunargagna í sakamáli hefði verið aflað með pyndingum. Alþjóðalög legðu bann við pyndingum og notkun sönnunargagna sem fengin væru með pyndingum. Ef dómstólar byggðu úrlausnir sínar á slíkum sönnunargögnum væri í raun verið að fallast á að pyndingar á vitnum og sakborningum væru löglegar. Ennfremur teldist vitnisburður sem fenginn væri með pyndingum ákaflega ótraustur. Dómstóllinn tók fram að pyndingar væru útbreiddar í Jórdaníu og að algengt væri að sönnunargagna í dómsmálum væri aflað á þann hátt. Þá taldi dómstóllinn að sýnt hefði verið fram á að sönnunargögnin sem aflað hefði verið í málinu gegn kæranda hefðu fengist með pyndingum og að umtalsverðar líkur væru á að þau gögn hefðu úrslitapýðingu ef málið gegn honum yrði tekið upp að nýju. Í ljósi þess að jórdönsk yfirvöld gætu ekki tryggt að sönnunargögn, fengin með pyndingum, yrðu ekki notuð gegn kæranda við endurupptöku sakamálsins gegn honum þar í landi yrði að líta svo á að brottvísun kæranda til Jórdaníu bryti gegn 6. gr. sáttmálans.

Kærandi gerði ekki kröfu um miska- eða skaðabætur.

Vinter o.fl. gegn Bretlandi

Dómur frá 17. janúar 2012

Mál nr. 66069/09, 130/10 og 3896/10

3. gr. Bann við pyndingum

Refsingar. Ævilangt fangelsi. Möguleiki á reynslulausn.

1. Málsatvik

Kærendur, Douglas Gary Vinter, Jeremy Neville Bamber og Peter Howard Moore, eru breskir ríkisborgarar og fæddir árin 1969, 1961 og 1946. Þeir afplána allir ævilangt fangelsi í Bretlandi fyrir manndráp. Vinter var dæmdur til fangelsisvistar í febrúar 2008 fyrir að stinga eiginkonu sína til bana. Á þeim tíma var hann á skilorði eftir að hafa afplánað annan dóm fyrir að myrða vinnufélaga sinn. Bamber var dæmdur fyrir að hafa skotið systur sína og tvö ung börn hennar til bana í ágúst 1985. Moore var dæmdur fyrir að hafa stungið fjóra menn til bana á tímabilinu september til desember 1995.

Kærendur voru allir dæmdir í ævilangt fangelsi án þess að eiga möguleika á reynslulausn, nema til kæmi ákvörðun innanríkisráðherra um reynslulausn á grundvelli mannúðarsjónarmiða. Slík reynslulausn var nær undantekningarlaust bundin við að fangi væri dauðvona eða með alvarlega fötlun. Valdheimildir ráðherra til slíkrar reynslulausnar voru í lögum frá 1997. Með tilkomu nýrra laga árið 2003 gátu allir fangar sem dæmdir voru í ævilangt fangelsi borið mál sín upp fyrir dómi til endurskoðunar á lengd afplánunartíma.

3. gr. Bann við pyndingum

Dómur Vinter féll í gildistíð yngri laganna. Hann áfrýjaði dóminum en hann var staðfestur af áfrýjunardómstóli í júní 2009. Áfrýjunardómstóllinn taldi að engin rök væru fyrir því að hverfa frá þeirri reglu að ef maður væri sakfelldur fyrir morð eftir að hafa hlotið dóm fyrir slíkan glæp áður, yrði hann dæmdur til ævilangrar refsivistar án möguleika á reynslulausn eða náðun.

Bamber og Moore, sem voru dæmdir í gildistíð eldri laganna, báru báðir mál sín undir dóm og kröfðust endurmats á lengd refsivistarinnar. Í máli Bamber taldi rétturinn að þegar litið væri til þess að hann myrta þrjár manneskjur, að verknaðurinn hafi verið framinn af yfirlögðu ráði, horft væri til framburðar ættingja fórnarlamba hans og hegðunar hans á afplánunartímanum, væri enginn grundvöllur til þess að hverfa frá þeirri refsíákvörðun frá 1988 um að stytting ævilangrar fangelsisvistar kæmi ekki til greina. Í máli Moore taldi rétturinn að ef litið væri til fjölda fórnarlamba og til þess að verknaður hefði verið framinn af yfirlögðu ráði og í kynferðislegum tilgangi væru ekki skilyrði fyrir hendi til að endurskoða refsivist hans. Dómstólar töldu þannig að ævilangt fangelsi án möguleika á styttingu refsivistarinnar ætti við í báðum þessum tilvikum. Áfrýjun beggja til æðri dómstóla innanlands var vísað frá árið 2009 og stuttu síðar var beiðni þeirra um að málin yrðu tekin fyrir hjá hæstarétti hafnað.

2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólnum

Kæran

Kærendur héldu því fram að ákvörðun dómstóla í Bretlandi um að dæma þá í ævilangt fangelsi án möguleika á reynslulausn eða náðun fæli í sér brot gegn 3. gr. sáttmálans og refsingin teldist ómannúðleg og vanvirðandi.

Niðurstaða

Dómstóllinn taldi að í málum kærenda hefðu breskir dómstólar dæmt þá til ævilangrar refsivistar eftir að hafa farið vandlega yfir mál hvers og eins. Allir kærendur hefðu gerst sekir um hrottaleg manndráp. Á þeim tíma sem dómurinn var kveðinn upp hafði Vinter aðeins afplánað 3 ár af sínum dómi, Bamber 26 ár og Moore 16 ár. Dómstóllinn taldi að þessir dómar hefðu verið í samræmi við þá glæpi sem þeir hefðu gerst sekir um og refsingin teldist hvorki ómannúðleg né vanvirðandi. Því hefði ekki verið brotið gegn 3. gr. sáttmálans.

Þrjú dómarmar af sjö skiluðu séráliti.

Harkins og Edwards gegn Bretlandi

Dómur frá 17. janúar 2012

Mál nr. 9146/07 og 32650/07

3. gr. Bann við pyndingum

Framsál. Dauðarefsing. Ævilangt fangelsi.

3. gr. Bann við pyndingum

1. Málsatvik

Kærendur eru Philip Harkins, breskur ríkisborgari, fæddur árið 1978, og Joshia Daniel Edwards, bandarískur ríkisborgari, fæddur 1987. Þeir voru ákærðir í Bandaríkjunum fyrir ýmis afbrot, m.a. manndráp á árunum 2000 og 2006. Harkins var sakaður, ásamt öðrum manni, um að hafa valdið dauða manns við ránstílaun. Edwards var sakaður um að hafa skotið að tveimur mönnum og banað öðrum þeirra. Kærendur voru báðir handteknir í Bretlandi á árunum 2003 og 2007. Bandarísk yfirvöld kröfðust framsals þeirra frá Bretlandi og gáfu fyrirheit um að þeir yrðu ekki dæmdir til dauða fyrir afbrot sín, heldur væri möguleg hámarksrefsing þeirra ævilangt fangelsi. Í júní 2006 og júní 2007 samþykktu bresk yfirvöld framsal kærenda til Bandaríkjanna. Þeir báru mál sín undir dómstóla í Bretlandi og töldu að framsal þeirra til Bandaríkjanna, og möguleg dauðarefsing eða ævilangt fangelsi þar, fæli í sér brot gegn 3. gr. mannréttindasáttmálans. Breskir dómstólar tóku kröfur þeirra ekki til greina. Eftir að þeir skutu málum sínum til mannréttindadómstólsins samþykktu dómstóllinn kröfur þeirra, um að framsali þeirra yrði frestað á grundvelli 39. gr. starfsreglna dómstólsins þar til dómar gengju í málunum.

2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólnum

Kæran

Kærendur töldu að framsal þeirra til Bandaríkjanna fæli í sér raunverulega hættu á að þeir yrðu dæmdir til dauðarefsingar sem fæli í sér brot gegn 3. gr. sáttmálans. Þeir töldu einnig að dómar um ævilangt fangelsi yrðu að teljast brot gegn 3. gr. sáttmálans.

Niðurstaða

Dómstóllinn tók fram að yfirlýsing bandarískra stjórnvalda til þeirra bresku um að kærendur ættu ekki yfir höfði sér dauðarefsingu yrðu þeir framseldir, yrði að teljast nægjanlega skýr til þess að útiloka að dauðarefsingu yrði beitt í máli þeirra. Þá var ennfremur vísað til þeirrar ríku hefðar sem lýðræði, mannréttindi og réttarríkið hefðu í bandarísku stjórnkerfi. Því taldi dómstóllinn að 3. gr. sáttmálans kæmi ekki til álita að því er dauðarefsingu varðaði. Í máli Harkin var dómstóllinn ekki sannfærður um að ævilangt fangelsi væri í ósamræmi við glæp hans. Hann hefði verið orðinn 18 ára þegar verknaðurinn var framinn, hefði ekki talist þjást af geðsjúkdómum og hann hefði banað manni við ránstílaun. Enn fremur hefði hann enn ekki hlotið dóm, og þó að lífstíðardómur yrði niðurstaðan í máli hans, gæti slík niðurstaða talist réttlætunleg. Þá taldi dómstóllinn að ríkisstjóri og náðunarnefnd í Flóridaríki í Bandaríkjunum hefðu vald til þess að stytta mögulegan dóm hans um ævilangt fangelsi. Í máli Edwards taldi dómstóllinn að það væri á valdi dómara að ákvarða hvort hann yrði dæmdur í ævilangt fangelsi. Slíkur dómur yrði aðeins kveðinn upp eftir að öll málgögn hefðu verið metin til fullnustu og hann yrði dæmdur fyrir manndráp af ásetningi. Í ljósi atvika bryti ævilangt fangelsi ekki

3. gr. Bann við pyndingum

gegn sjónarmiðum um meðalhóf. Niðurstaða dómstólsins varð því sú að ekki hefði verið um brot gegn 3. gr. sáttmálans að ræða í tilvikum kæranda.

Tveir dómarmenn af sjö skilufu séráliti.

Popov gegn Frakklandi

Dómur frá 19. janúar 2012

Mál nr. 39472/07 og 39474/07

Sjá reifun dómsins undir 5. gr.

Hælisleitendur. Frelsisvipting. Börn.

Hirsi Jamaa o.fl. gegn Ítalíu– Yfirdeild

Dómur frá 23. febrúar 2012

Mál nr. 27765/09

Sjá reifun dómsins undir 4. gr. 4. viðauka

Hælisleitendur. Yfirráðasvæði og lögsaga. Meðferð hælisbeiðni. Brottvísun.

S.F. o.fl. gegn Svíþjóð

Dómur frá 15. maí 2012

Mál nr. 52077/10

3. gr. Bann við pyndingum

Hælisleitendur. Brottvísun.

1. Málsatvik

Kærendur, S.F., N.S. og A.F., eru íranskir ríkisborgarar, fæddir árin 1977, 1979 og 2009, og búa í Svíþjóð. S.F. og N.S. eru hjón og foreldrar A.F., sem fæddist í Svíþjóð. S.F. og N.S. komu til Svíþjóðar í september 2007 eftir að hafa, að eigin sögn, flúið frá Íran vegna ótta um eigið líf og öryggi. Héldu þau því fram að S.F. hefði verið virkur í stjórnámálum í Íran, stutt málstað Kúrda og vistaður í fangelsi í mánuð vegna stjórnamálaþátttöku sinnar. Eftir að hafa orðið vitni að handtöku samstarfsfélaga fyrir utan vinnustað þeirra í Íran ákváðu þau að flýja frá landinu, yfir landamærin til Tyrklands og þaðan um Evrópu á bíl til Svíþjóðar.

Við komuna til Svíþjóðar sóttu þau um hæli. Þau héldu því fram að vegna stjórnamálaþátttöku í heimalandinu og síðar meir í Svíþjóð væri líf þeirra í bráðri hættu sneru þau aftur til Írans. Sérstaklega héldu þau því fram að eftir komu þeirra til Svíþjóðar hefðu þau bæði verið virk í stjórnámálum, meðal annars með því að taka þátt í fundum lýðræðisflokks íranskra kúrda og komið fram í kúrdískum sjónvarpsþáttum sem sýndir voru um gervihnött og bannaðir í Íran. Einnig hefði N.S. starfað fyrir kúrdíska sjónvarpsstöð sem var opinberlega í andstöðu við stefnu íranskra stjórnvalda.

3. gr. Bann við pyndingum

Hælisumsókn þeirra var hafnað af sænskum innflytjendayfirvöldum og dómstólum, sem töldu að þótt saga þeirra væri sennileg væri ólíklegt að írönsk stjórnvöld myndu ofsækja þau þar sem þau væru lagt sett innan baráttu-samtaka Kúrda.

2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólnum

Kæran

Kærandur héldu því fram að brotið yrði gegn 3. gr. sáttmálans með því að senda þau til Írans þar sem þau væru í raunverulegri hættu á slæmri meðferð þar, með tilliti til áberandi stöðu þeirra sem baráttumanna fyrir málstað Kúrda, einkum eftir komu þeirra til Svíþjóðar.

Niðurstaða

Dómstóllinn áréttaði að aðildarríki sáttmálans hefðu rétt til að ráða sjálf inngöngu fólks í landið, svo og búsetu og brottrekstri, nema að sá sem hlut ætti að máli væri í raunverulegri og yfirvofandi hættu á að sæta pyndingum eða annarri illri meðferð í landi því sem honum yrði gert að snúa til.

Míðað við fyrirbyggjandi gögn taldi dómstóllinn ástæðu til að óttast um stöðu mannréttinda í Íran, og að hún hefði farið versnandi frá því að sænsk yfirvöld voru með mál kærenda til meðferðar. Upplýsingar um Íran frá fjölmörgum alþjóðlegum heimildum sýndu að írönsk stjórnvöld handsömuðu og færu illa með fólk sem hefði mótmælt friðsamlega stjórnvöldum eða ástandi mannréttinda í landinu. Það átti ekki aðeins við um leiðtoga eða aðila efst í valdastiga viðkomandi mótmælendahópa, heldur einnig lægra setta einstaklinga. Hins vegar var það mat dómstólsins að væri aðstaðan í Íran metin á almennum forsendum væri ekki hægt að komast að þeirri niðurstöðu að brottrekstur þangað fæli sjálfkrafa í sér brot gegn 3. gr. sáttmálans.

Dómstóllinn tók næst til skoðunar aðstæður kærenda sérstaklega. Mat hann staðhæfingar kærenda um stöðu þeirra sennilegar, einkum að þátttaka þeirra í mótmælum gegn Íran eftir komu þeirra til Svíþjóðar kynni að valda því að þau væru í hættu á að sæta slæmri meðferð í heimalandinu. Hefði þátttaka kærenda í því starfi aukist stöðugt allt frá árinu 2008. Ennfremur hefði verið leitt í ljós að írönsk yfirvöld fylgdust með samskiptum á internetinu, og öðrum samskiptum mótmælenda jafnt innan sem utan Íran. Taldi dómstóllinn í þessu ljósi að írönsk stjórnvöld myndu ekki eiga erfitt með að bera kennsl á kærandur aftur. Það, að viðbættum aðstæðum og atvikum sem kærandur lentu í fyrir flutning til Svíþjóðar og þeirri staðreynd að þau áttu engin löggild persónuskilríki og yfirgáfu Íran ólöglega, leiddi til þeirrar niðurstöðu dómstólsins að raunveruleg hættu væri á að kærandur myndu sæta slæmri meðferð í Íran við brottrekstur þangað. Taldi dómstóllinn því brotið gegn 3. gr. sáttmálans í máli kærenda.

Var sænska ríkinu gert að greiða kærendum 1.240 evrur vegna kostnaðar við meðferð kærumálsins.

3. gr. Bann við pyndingum

Nacic o.fl. gegn Svíþjóð

Dómur frá 15. maí 2012

Mál nr. 16567/10

Sjá reifun dómsins undir 8. gr.

Hælisleitendur. Brottvísun. Heilsufarsvandamál.

5. gr. Réttur til frelsis og mannhelgi

Othman (Abu Qatada) gegn Bretlandi

Dómur frá 17. janúar 2012

Mál nr. 8139/09

Sjá reifun dómsins undir 3. gr.

Framsál. Hætta á pyndingum. Notkun sönnunargagna sem aflað er með pyndingum. Grunur um hryðjuverk.

Popov gegn Frakklandi

Dómur frá 19. janúar 2012

Mál nr. 39472/07 og 39474/07

3. gr. Bann við pyndingum

5. gr. Réttur til frelsis og mannhelgi

8. gr. Friðhelgi einkalífs og fjölskyldu

Hælisleitendur. Frelsisvipting. Börn.

1. Málsatvik

Kærendur eru Vladimir og Yekaterina Popov, kasakskir ríkisborgarar, ásamt tveimur börnum þeirra, fæddum á árunum 2004 og 2007 í Frakklandi. Kærendur sóttu um pólitískt hæli í Frakklandi eftir að hafa flúið þangað frá heimalandi sínu, Kasakstan, en þau höfðu sætt ofsóknum þar vegna rússnesks uppruna síns og trúar. Umsóknum þeirra um pólitískt hæli í Frakklandi var hafnað og þeim neitað um dvalarleyfi. Þann 27. ágúst 2007 voru kærendur handtekin og færð á lögreglustöð ásamt tveimur börnum þeirra. Þau voru vistuð á hóteli í Angers seinna þann dag. Daginn eftir voru þau flutt á Charles De Gaulle flugvöll þar sem átti að vísa þeim úr landi til Kasakstan. Flugíð var fellt niður og því voru þau færð í flóttamannabúðir í Rouen-Oissel. Þann 29. ágúst 2007 var varðhald þeirra framlengt um tvær vikur. Þau voru svo aftur flutt út á flugvöll 11. september 2007, en aftur varð ekkert af því að þau færu úr landi. Dómari skipaði fyrir um að þeim yrði sleppt úr haldi, enda hefðu kærendur ekki átt sök á þeim tögum sem urðu á brottflutningi þeirra. Hinn 16. júlí 2009 fengu kærendur stöðu flóttamanna í Frakklandi á grundvelli þess að fyrirspurnir franskra yfirvalda til yfirvalda í Kasakstan, og aflétting trúnaðar á hælisumsókn í Frakklandi, hefðu gert það að verkum að þeim var talin hætta búin ef þeim yrði vísað aftur til Kasakstan.

2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólnum

Kæran

Kærendur töldu að varðhald þeirra og barna þeirra í flóttamannabúðunum í Rouen-Oissel hefði brotið gegn 3., 5. og 8. gr. mannréttindasáttmálans.

Niðurstaða

Um 3. gr.: Dómstóllinn taldi að aðstæður fyrir fjölskyldufólk í flóttamannabúðum í Frakklandi væru á ábyrgð yfirvalda, þar með talið þau úrræði sem í boði væru fyrir börn. Þótt fjölskyldufólk væri aðskilið frá öðru vistfólki í flóttamannabúðunum í Rouen-Oissel þá væru einu rúmin sem boðið væri upp á þar stálgrindarrúm í fullri stærð en slík rúm gætu reynst ungbörnum hættuleg. Þá væri engin leikaðstaða fyrir börn á svæðinu og sjálflokandi hurðir á herbergjum hættulegar börnum. Ennfremur hefðu umboðsmaður mannréttinda frá Evrópuráðinu og Evrópunefnd um varnir gegn pyndingum bent á að flóttamannabúðir sem þessar hefðu neikvæð áhrif á sálarlíf ungra barna og samrýmdust ekki alþjóðlegum skuldbindingum um velferð barna. Alþjóðasamningar gerðu ríkjum einnig skylt að sjá til þess að börn þyrftu ekki að seta varðhaldi til lengri tíma. Þó að tveggja vikna varðhald teldist almennt ekki langur tími, þá væri hann þó of langur gagnvart börnum sem þyrftu að búa í umhverfi sem ekki væri í samræmi við aldur þeirra. Börn kærenda, þriggja ára stúlka og ungabarn, hefðu þurft að búa við aðstæður sem hefðu þannig verið til þess fallnar að valda þeim andlegu áfalli. Dómstóllinn taldi að yfirvöld hefðu ekki metið til fulls þau neikvæðu áhrif sem varðhald gæti haft á ung börn við þessar aðstæður og því taldi hann að brotið hefði verið gegn 3. gr. sáttmálans gagnvart börnunum. Dómstóllinn taldi þó að gagnvart foreldrunum hefði ekki verið brotið gegn 3. gr. sáttmálans, m.a. af þeirri ástæðu að þau hefðu ekki verið aðskilin frá börnum sínum á meðan þau voru í haldi. Kærendur héldu því einnig fram að þau ættu yfir höfði sér illa meðferð ef þau yrðu send til Kasakstan og að það fæli í sér sjálfstætt brot gegn 3. gr. sáttmálans. Þar sem fjölskyldan fékk stöðu flóttamanna á meðan á málsmeðferð fyrir mannréttindadómstólnum stóð tók dómstóllinn ekki afstöðu til þessarar kröfu.

Um 5. gr.: Dómstóllinn komst að þeirri niðurstöðu að þó að börnin hefðu dvalist með foreldrum sínum í hluta flóttamannabúðanna sem eingöngu var ætlaður fjölskyldufólki, hefðu stjórnvöld ekki tekið nægjanlegt tillit til aðstöðu þeirra og ekki fullreynt hvort önnur úrræði en varðhald kæmu til greina. Dómstóllinn komst því að þeirri niðurstöðu að brotið hefði verið gegn 1. mgr. 5. gr. sáttmálans um rétt til frelsis og mannhelgi gagnvart börnunum. Dómstóllinn taldi einnig að þó að foreldrar barnanna hefðu haft möguleika á að bera lögmæti varðhaldsins undir dómstóla, væru börnin sjálf í lagalegu tómarúmi. Réttur þeirra til slíks úrræðis væri ekki til staðar, þar sem hvorki var farið fram á brottvísun né varðhald barnanna sjálfra. Dómstóllinn taldi því að brotið hefði verið gegn 4. mgr. 5. gr. sáttmálans í tilviki barnanna.

Um 8. gr.: Sú röskun á fjölskyldulífi sem fólst í vistun fjölskyldunnar í umræddum flóttamannabúðum fór fram á grundvelli franskra laga um innflytj-

5. gr. Réttur til frelsis og mannhelgi

endamála sem höfðu það lögmæta markmið að hefta för ólöglegra innflytjenda og koma í veg fyrir glæpi. Dómstóllinn vísaði til þeirrar meginreglu, m.a. í alþjóðasamningum, að við ákvarðanir sem vörðuðu rétt barna skyldi beita þeim ráðstöfunum sem ætla mætti að barni væri fyrir bestu. Dómstóllinn tók einnig fram að Flóttamannastofnun Sameinuðu þjóðanna ásamt fleirum hefði talað fyrir því að barnafjölskyldum skyldu búin önnur úrræði en varðhald. Þar sem engin hættu var á að kærundur flýðu var varðhald ekki nauðsynlegt, sérstaklega þegar litið væri til þess að þau voru vistuð á hóteli um tíma án vandkvæða. Þá hefðu yfirvöld ekki leitað annarra lausna á máli kæranda en að setja þau í varðhald og ekki reynt að flýta brottflutningi þeirra á neinn hátt. Þegar litið væri til ofangreindra atvika og réttarþróunar í nýgengnum dómum varðandi hagsmuni barna í svipuðum aðstæðum, taldi dómstóllinn að hagsmunum barna væri ekki aðeins best borgið ef fjölskyldur hefðu tækifæri á að vera sameinaðar í varðhaldi heldur einnig að varðhaldsvist fjölskyldna með ung börn yrði takmarkað. Í þessu tilviki hefði tveggja vikna varðhald í lokuðu húsnæði ekki verið í samræmi við þau markmið sem stefnt var að. Því taldi dómstóllinn að brotið hefði verið gegn 8. gr. sáttmálans.

Í samræmi við 41. gr. sáttmálans dæmdi dómstóllinn franska ríkið til að greiða kærendum 10.000 evrur í miskabætur og 3.000 evrur í málskostnað.

Austin o.fl. gegn Bretlandi - Yfirdeild

Dómur frá 15. mars 2012

Mál nr. 39692/09, 40713/09 og 41008/09

5. gr. Réttur til frelsis og mannhelgi

Mótmælafundur. Lögregluaðgerðir. Skerðing á ferðafrelsi.

1. Málsatvik

Kærundur eru fjórir, Lois Austin, breskur ríkisborgari, fædd 1969, George Black, grískur og ástralskur ríkisborgari, fæddur 1949, Bronwyn Lowenthal, breskur og ástralskur ríkisborgari, fædd 1972, og Peter O'Shea, breskur ríkisborgari, fæddur 1963.

Þann 1. maí 2001 kom nokkur fjöldi manns saman á útifundi á tilteknum stað í miðborg Lundúna til mótmæla. Lögreglu var kunnugt um mótmælin en skipuleggjendur þeirra tilkynntu ekki lögreglu um fundinn fyrirfram né óskuðu eftir leyfi til að halda hann. Upp úr hádegi taldi lögregla að um 1.500 manns væru saman komnir á svæðinu og að fundarmönnum færi fjölgandi. Var þá ákveðið að girða fundarstaðinn af. Reynt var að dreifa mannfjöldanum en það reyndist ómögulegt þar sem fólk bæði innan og utan hins lokaða svæðis brást illa við, beitti ofbeldi, braut muni og kastaði í lögreglu. Um klukkan hálf tíu um kvöldið hafði lögreglu tekist að leysa mótmælafundinn upp.

Einn kæranda var þátttakandi í mótmælunum. Hún höfðaði mál gegn lögreglunni fyrir dómstólum og krafðist bóta fyrir ólögmæta frelsissviptingu þegar lögregla lokaði fundarsvæðinu. Dómstólar féllust ekki á að hún hefði

5. gr. Réttur til frelsis og mannhelgi

verið svipt frelsi sínu og að 5. gr. sáttmálans ætti því ekki við. Aðrir kærenda áttu einungis leið hjá þar sem mótmælin fóru fram en voru engu að síður fastir inni á hinu lokaða svæði með mótmælendum fram á kvöld.

2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólnum

Kæran

Kærendur héldu því fram að brotið hefði verið gegn réttindum þeirra samkvæmt 1. mgr. 5. gr. sáttmálans þar sem þeir hefðu verið sviptir frelsi sínu án réttlætningar.

Niðurstaða

Dómstóllinn tók fram að réttindi þau sem sáttmálinn verndaði væru í stöðugri þróun og að túlka yrði sáttmálann í samræmi við þær aðstæður sem uppi væru hverju sinni. Í þessu samhengi vísaði dómstóllinn til þess að vegna tækniframfara væri nú unnt að safna saman miklum fjölda mótmælenda með skemmri fyrirvara en áður. Ekki mætti skýra 5. gr. sáttmálans þannig að óraunhæft væri fyrir lögreglu að uppfylla skyldur sínar sem lytu meðal annars að því að halda uppi allsherjarreglu og vernda almannaheill. Þá yrði að líta til þess að almenningur yrði oft að þola tímabundnar takmarkanir á ferðafrelsi vegna margs konar aðstæðna, t.d. í almenningsamgöngum, á vegum úti og í og við íþróttaleikvanga. Slíkar takmarkanir gætu ekki talist frelsissvipting í skilningi 1. mgr. 5. gr. sáttmálans að því marki sem þær væru óumflýjanlegar vegna aðstæðna sem yfirvöld réðu ekki við, nauðsynlegar til að koma í veg fyrir alvarleg meiðsl eða tjón og að meðalhófs væri gætt.

Dómstóllinn tók fram að leggja yrði til grundvallar það mat breskra dómstóla í þessu máli að lögreglan hefði fyrirfram búist við að á milli 500 og 1.000 ofbeldisfullir mótmælendur kæmu saman í miðborginni þennan dag og að alvarleg líkamsmeiðsl gætu hlotist af mótmælunum. Þá lægi fyrir að mun fleiri mótmælendur hefðu verið komnir saman á mótmælafundinum fyrir en lögreglan hefði búist við og því hefði hún brugðist við með því að loka mótmælendum af. Inni á hinu lokaða svæði hefði verið rými fyrir fólk til að ganga um. Aftur á móti hefðu aðstæður verið óþægilegar þar sem mótmælendur hefðu ekki haft skýli, mat, vatn eða aðgang að salernisaðstöðu.

Dómstóllinn taldi að eftir atvikum hefði það úrræði sem lögreglan greip til verið það síst íþyngjandi og jafnframt það áhrifaríkasta til að vernda almenning innan og utan lokaða svæðisins. Af þessum sökum hefði lokunin ekki falið í sér frelsissviptingu í samræmi við 1. mgr. 5. gr. sáttmálans. Dómstóllinn taldi sig ekki geta ákvarðað neinn tímamark þar sem innilokunin hefði hætt að teljast vera skerðing á ferðafrelsi og orðið frelsissvipting í skilningi 5. gr. Benti dómstóllinn á að lögreglan hefði strax hafist handa við að leysa mannfjöldann upp en það hefði ekki tekist vegna lítils minnihluta mótmælenda innan og utan hins lokaða svæðis sem hefði verið mjög ósamvinnuþýður. Upp frá því hefði lögreglan reynt að sæta færiss til að hleypa mótmælendum í burtu. Í ljósi þessa taldi dómstóllinn að ekki hefði verið brotið gegn 1. mgr. 5. gr. sáttmálans.

Þrír dómáttal skiluðu séráliti.

6. gr. Réttur til réttlátrar málsmeðferðar fyrir dómi

Othman (Abu Qatada) gegn Bretlandi

Dómur frá 17. janúar 2012

Mál nr. 8139/09

Sjá reifun dómsins undir 3. gr.

Framsaf. Hætta á pyndingum. Notkun sönnunargagna sem aflað er með pyndingum. Grunur um hryðjuverk.

Granos Organicos Nacionales S.A. gegn Þýskalandi

Dómur frá 22. mars 2012

Mál nr. 19508/07

6. gr. Réttur til réttlátrar málsmeðferðar fyrir dómi

14. gr. Bann við mismunun

Gjafsókn. Lögaðilar. Mismunandi meðferð á grundvelli þjóðernis.

1. Málsatvik

Kærandi, Granos Organicos Nacionales S.A., er perúskt fyrirtæki sem var skráð í Lima en er nú gjaldþrota. Kærandi flutti banana til Evrópu. Hann hafði gert samninga við tvö þýsk fyrirtæki um innflutninginn sem kváðu á um að leysa skyldi úr ágreiningi um efni þeirra fyrir þýskum dómstólum. Kærandi óskaði eftir gjafsókn í Þýskalandi til að láta reyna á rétt sinn gagnvart viðsemjendum sínum fyrir þýskum dómstólum. Beiðninni var hafnað þar sem heimild til gjafsóknar í þýskum lögum náði einungis til einstaklinga og lögaðila sem skráðir voru í ríkjum Evrópusambandsins og á Evrópska efnahagssvæðinu. Þýsk yfirvöld féllust því ekki á beiðni kæranda um gjafsókn.

2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólum

Kæran

Kærandi byggði á því að brotið hefði verið gegn 6. gr. sáttmálans einni sér en einnig gegn 6. gr., sbr. 14. gr. sáttmálans þar sem honum hefði verið synjað um gjafsókn og hefði því ekki getað látið reyna á mál sitt fyrir þýskum dómstólum, enda þótt lögaðilar sem skráðir væru í Evrópulöndum ættu kost á því að fá gjafsókn.

Niðurstaða

Dómstóllinn tók fram að á aðildarríkjunum hvíldi ekki sú skylda að bjóða upp á gjafsóknarræði til aðila hvers konar einkamála. Ekki væri samstaða meðal aðildarríkjanna um það hvort veita ætti lögaðilum möguleika á gjafsókn. Dómstóllinn féllst á þá röksemd þýskra yfirvalda að takmörkunin væri reist á sjónarmiðum um gagnkvæmni og að enginn hvati væri til staðar fyrir önnur ríki að veita þýskum fyrirtækjum gjafsóknarræði ef þýskum yfirvöldum bæri stjórnskipuleg skylda til að veita slíka aðstoð einhliða. Dómstólum þótti ekki

6. gr. Réttur til réttlátrar málsmeðferðar fyrir dómi

sýnt fram á að erlendir lögaðilar gætu átt rétt á gjafsókn fyrir dómstólum í Perú. Þá taldi dómstóllinn að meðalhöfs hefði verið gætt við takmörkun réttinda kæranda. Ekki var því fallist á sjónarmið kæranda í málinu og var kröfum hans hafnað.

Boulois gegn Lúxemborg– Yfirdeild

Dómur frá 3. apríl 2012

Mál nr. 37575/04

6. gr. Réttur til réttlátrar málsmeðferðar fyrir dómi

Fangar. Leyfi úr fangelsi. Réttindi og skyldur að einkamálarétti.

1. Málsatvik

Kærandi, Thomas Boulois, er franskur ríkisborgari, fæddur árið 1972. Árið 2001 hlaut hann 15 ára fangelsisdóm fyrir líkamsárás, nauðgun og frelsisskerðingu. Meðan á afplánun refsingarinnar stóð sótti kærandi ítrekað um dagsleyfi til að sinna ákveðnum erindum utan fangelsisins. Árin 2003 og 2004 höfnuðu fangelsisfyrirvöld tveimur umsóknum kæranda. Í kjölfarið fór kærandi fram á að stjórnsludómstóll úrskurðaði um lögmati ákvarðananna. Stjórnsludómstóllinn vísaði máli kæranda frá. Á næstu þremur árum var fimm öðrum umsóknum kæranda um tímabundið leyfi hafnað. Þann 31. október 2008 veitti stjórn fangelsisins kæranda dagsleyfi til að sinna erindum utan fangelsisins. Kærandi fékk í kjölfarið fimm sinnum tveggja daga dagsleyfi til að sinna ýmsum erindum. Árið 2009 var fallist á umsókn kæranda um að hann yrði fluttur í Givenich-fangelsið sem er opnara en Schrassig-fangelsið. Eftir að kærandi fór í hið nýja fangelsi fékk hann tækifæri til að stunda nám sem kokkur og leita sér að vinnu utan fangelsisins. Þann 15. júlí 2010 var fallist á að veita kæranda skilorðsbundna reynslulausn úr fangelsinu, þremur mánuðum áður en dómur hans gerði ráð fyrir slíku, enda hafði kærandi þá útvegað sér vinnu og sýnt fram á bættu hegðun.

2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólnum

Kæran

Kærandi hélt því fram að með því að hafna umsóknum hans um dagsleyfi og með ákvörðun stjórnsludómstólsins um að vísa frá máli hans hefði verið brotið gegn rétti hans samkvæmt 6. gr. sáttmálans.

Niðurstaða

Til að skera úr um það hvort 6. gr. sáttmálans ætti við í þessu máli varð dómstóllinn að meta hvort kærandi hefði notið réttar samkvæmt umræddu ákvæði. Að mati dómstólsins tryggði 6. gr. sáttmálans ekki hvaða borgaralegu réttindi og skyldur sem væru. Þannig gæti dómstóllinn ekki skapað efnislegan rétt sem ekki ætti lagastoð í viðkomandi ríki. Málið varð því að skoða út frá þeim ákvæðum landsréttar sem reynt hefði á í málinu og beitingu þeirra af hálfu

6. gr. Réttur til réttlátrar málsmeðferðar fyrir dómi

dómstóla heimaríkisins. Dómstóllinn áréttaði að málið varðaði það hvort til staðar væri sjálfstæður réttur til að fá dagsleyfi úr fangelsi líkt og kærandi hélt fram. Samkvæmt lögum Lúxemborgar var heimilt en ekki skylt að veita slík leyfi við vissar aðstæður. Samkvæmt skýringargögnum með lögnum gat ákvörðun um það hvort veita ætti leyfi aldrei verið sjálfvirk og slíkar ákvarðanir væru alfarið á ábyrgð fangelsismálayfirvalda. Stjórn fangelsis hefði ákveðið svigrúm við mat á því hvort fangi ætti rétt á að fá að njóta umræddra forréttinda. Löggjöfin væri hins vegar skýr um fyrirkomulag leyfanna og skilyrði þess að veita þau. Til að mynda varð stjórn fangelsis að meta umsókn fanga með hliðsjón af umsögn ráðgjafarnefndar varðandi hegðun og persónuleika umrædds fanga auk þess sem meta varð hvort hætta væri á að fangi bryti af sér á nýjan leik. Kærandi gat ekki sýnt fram á að hann hefði ekki notið réttar sem viðurkenndur væri af réttarkerfi Lúxemborgar. Að lokum benti dómstóllinn á að rétturinn til að fá leyfi frá afplánum væri hvorki verndaður af sáttmálanum né viðurkenndur samkvæmt þjóðarétti. Þá væri hvorki samstaða meðal aðildarríkja Evrópuráðsins varðandi það hvernig slíkur réttur skyldi útfærður né hvert inntak hans ætti að vera. Dómstóllinn komst því að þeirri niðurstöðu að 6. gr. sáttmálans ætti ekki við í þessu máli.

Tveir dómarmar skiluðu séráliti.

UTE Saur Vallnet gegn Andorra

Dómur frá 29. maí 2012

Mál nr. 16047/10

6. gr. Réttur til réttlátrar málsmeðferðar fyrir dómi

Sjálfstæður og óvilhallur dómstóll. Vanhæfi dómara. Heimildir til endurupp-töku.

1. Málsatvik

Kærandi, Saur Vallnet, er fyrirtæki með höfuðstöðvar í La Vella í Andorra. Það var stofnað árið 1999 í þeim tilgangi að taka þátt í útboði á vegum umhverfisráðuneytis Andorra um byggingu skólphreinsistöðvar. Tilboð kæranda var samþykkt í lok árs 1999.

Í júlí 2004 var kæranda greint frá því að ríkið teldi að skólphreinsistöðin uppfyllti ekki nánar tilgreind lágmarksskilyrði og skilmála samningsins. Árið 2007 voru lagðar stjórnarsýslusektir á kæranda sem námu 1.586.976,34 evrum vegna samningsbrots og 241.042,89 evrum vegna mats- og viðgerðarkostnaðar. Kærandi kærði ákvörðunina til æðra stjórnvalds í september 2007 og síðar til dómstóls í Andorra sem staðfesti sektina. Kærandi áfrýjaði árið 2009 til Hæstaréttar Andorra og staðfesti rétturinn dóminn.

Kærandi reyndi tvívegis að fá málið endurupptekið fyrir Hæstarétti Andorra, í síðara skiptið á þeim grundvelli að dómari við réttinn sem var jafnframt forseti þeirrar deildar sem fór með mál hans hefði verið meðeigandi og stjórnarmaður í lögmannsstofu í Barcelona sem seldi yfirvöldum í Andorra lögfræðilþjónustu allt frá árinu 2002. Hæstiréttur vísaði beiðnum kæranda frá

6. gr. Réttur til réttlátrar málsmeðferðar fyrir dómi

þar sem frestur til endurupptöku var útrunninn. Kærandi skaut málinu þá til stjórnlagadómstóls sem taldi málið ekki tækt til meðferðar.

Hinn 10. nóvember 2010 hófst aðfarargerð til að fullnægja ákvörðun um stjórnsýslusektina og var hún staðfest af dómstól. Kærandi kærði ákvörðun um fullnustu sektar til hæstaréttar og krafðist þess jafnframt að allir dómamar vikju sæti sökum þess að sjálfstæði dómstólsins og óvilhöll meðferð hans væri ekki tryggð vegna vanhæfis eins dómarans, eins og áður er rakið. Einnig fór kærandi fram á að fullnustu dómsins yrði frestað meðan málið væri til meðferðar hjá Mannréttindadómstóli Evrópu.

Hinn 15. júní 2011 var kæran tekin fyrir hjá Hæstarétti Andorra og var fyrrgreindum dómara gert að vikja sæti við meðferð málsins. Tók annar dómari sæti í hans stað en niðurstaða var ekki komin í málinu er Mannréttindadómstóllinn kvað upp sinn dóm.

2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólum

Kæran

Kærandi byggði kæru sína á 1. mgr. 6. gr. sáttmálans og hélt því fram að brotið hefði verið gegn réttindum hans í Hæstarétti Andorra þar sem einn dómara hefði verið vanhæfur til meðferðar máls hans.

Niðurstaða

Mannréttindadómstóllinn benti á að það var óumdeilt um að umræddur dómari var meðeigandi í spænskri lögmannsstofu sem veitti stjórnvöldum í Andorra lögfræðilega ráðgjöf á þeim tíma sem áður nefnt mál var rekið fyrir dómstólum þar. Höfðu yfirvöld í Andorra greitt háar fjárhæðir til stofunnar fyrir lögfræðipjónustu allt frá árinu 2002. Benti dómstóllinn á að tengsl þessi leiddu til þess að skynsamlegur vafi væri uppi um hlutleysi dómarans, enda þótt dómarrinn hefði enga beina hagsmuni af úrlausn málsins. Dómstóllinn ályktaði að innlendir dómstólar hefðu staðfest grun kæranda um vanhæfi dómarans og þar af leiðandi réttarins í málinu um fullnustu sektarinnar, en máli kæranda væri þó ekki enn lokið fyrir dómstólum í Andorra. Taldi Mannréttindadómstóllinn því að brotið hefði verið gegn 1. mgr. 6. gr. sáttmálans.

Á grundvelli 41. gr. sáttmálans var Andorra gert að greiða kæranda 12.000 evrur í miskabætur og 8.000 evrur í málskostnað.

Keskinen og Veljekset Keskinen OY gegn Finnlandi

Dómur frá 5. júní 2012

Mál nr. 34721/09

6. gr. Réttur til réttlátrar málsmeðferðar fyrir dómi

Opinber málsmeðferð. Munnlegur málflutningur í sakamáli.

1. Málsatvik

Kærendur eru Vesa Petteri Keskinen sem er finnskur ríkisborgari, fæddur 1967 og búsettur í Töysä í Finnlandi, og hlutafélag hans, Veljekset Keskinen

6. gr. Réttur til réttlátrar málsmeðferðar fyrir dómi

Oy, sem er með höfuðstöðvar á sama stað. Árið 2005 stóðu kærendur fyrir fiskveiðikeppni þar sem þátttakendur þurftu að greiða 20 evrur í þátttökugjald. Keppnin fór fram á stöðuvatni sem kærendur höfðu á leigu árið 2004. Kærendur höfðu sleppt 5.551 merktum lögum í vatnið og voru þeir misstórir, allt frá 1 kg upp í 5 kg. Peningaverðlaun voru í boði fyrir þá sem veiddu stærstu fiskana og voru hæstu verðlaunin, 1 milljón evra, veitt þeim sem veiddi sérstaklega merktan laxfisk. 27.731 tók þátt í keppninni og veiddist um helmingur hinna merktu fiska. Greidd voru út verðlaun á bilinu 200 til 20.000 evrur til þeirra sem veiddu merkta fiska.

Innanríkisráðuneytið krafði kærendur skýringa á því hvers eðlis keppnin væri og komst að þeirri niðurstöðu að hún væri að hluta til happdrætti og heyrði því undir finnsk lög um hlutaveltu. Því töldu yfirvöld að sækja hefði þurft um sérstakt leyfi á grundvelli þeirra laga áður en keppni hófst. Yfirvöld höfðu komist að sömu niðurstöðu varðandi sams konar veiðikeppni sem kærendur héldu árið 2003, en í báðum tilvikum gerði lögregla engar ráðstafanir til þess að stöðva keppnina.

Keskinen var ákærður fyrir brot á fyrrgreindum lögum. Munnlegur málflytningur fór fram fyrir dómstól þann 5. júní 2006. Niðurstaða dómstólsins var að vísa málinu frá og hafna jafnframt kröfu um upptöku hagnaðar. Saksóknari áfrýjaði dómnum. Aðilar málsins kröfðust munnlegs málflytnings fyrir áfrýjunardómstólnum en kröfum þeirra var hafnað. Hinn 8. ágúst 2007 sakfelldi áfrýjunardómstóllinn Keskinen fyrir brot á lögnum og dæmdi hann til að greiða 13.300 evra sekt fyrir að hafa staðið fyrir happdrætti án tilskilinna leyfa. Áfrýjunardómstóllinn benti á að málsatvik væru að fullu upplýst og ekki væri þörf á munnlegum málflytningi fyrir réttinum. Þá var hagnaður kærenda vegna keppinnar að fjárhæð 60.000 evrur gerður upptækur.

Niðurstöðu áfrýjunardómstólsins var áfrýjað til Hæstaréttar Finnlands og þess krafist að munnlegur málflytningur færi fram þar fyrir dómi. Hæstiréttur komst að þeirri niðurstöðu 30. desember 2008 að ekki hefði verið ástæða til munnlegs málflytnings fyrir áfrýjunarréttinum og því væri ekki ástæða til slíks málflytnings fyrir hæstarétti. Niðurstaða réttarins var sú að Keskinen þyrfti að borga 7.500 evrur í sekt fyrir brot sitt.

2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólnum

Kæran

Kærendur töldu að málsmeðferð á máli þeirra fyrir áfrýjunardómstólnum og Hæstarétti Finnlands hefði brotið gegn 6. gr. mannréttindasáttmálans þar sem munnlegur málflytningur hefði ekki farið fram í máli þeirra á þessum dómstigum, þrátt fyrir kröfu þar um.

Niðurstaða

Dómstóllinn tók fram að rétturinn til opinberrar málsmeðferðar sem tryggður væri í 1. mgr. 6. gr. sáttmálans gerði ráð fyrir því að mál væru flutt

6. gr. Réttur til réttlátrar málsmeðferðar fyrir dómi

munlega fyrir dómi. Hins vegar væri rétturinn til opinberrar málsmeðferðar ekki ófrávikjanlegur og væri slík málsmeðferð ekki nauðsynleg í þeim tilvikum þar sem aðili afsalaði sér rétti til hennar eða léti undir höfuð leggjast að krefjast slíkrar málsmeðferðar. Í þessu máli höfðu málsaðilar hins vegar krafist þess að munnlegur málf lutningur færi fram að nýju á seinni dómstigum. Dómstóllinn vísaði til fyrri fordæma og taldi að skilyrði 1. mgr. 6. gr. sáttmálans teldust uppfyllt í þeim tilvikum þar sem munnlegur málf lutningur færi eingöngu fram á fyrsta dómstigi en ekki á seinni stigum. Í þessu máli var ekki deilt um sannleiksgildi þess framburðar sem tekinn var af vitnum fyrir héraðsdómi og hvorki áfrýjunardómstóllinn né Hæstiréttur Finnlands tóku framburð vitna til endurskoðunar. Mannréttindadómstóllinn taldi því að áfrýjunardómstóllinn og hæstiréttur hefðu haft fullt svigrúm til þess að meta mál kæranda án þess að munnlegur málf lutningur færi fram að nýju og að málsmeðferðin hefði ekki falið í sér brot gegn 1. mgr. 6. gr. sáttmálans.

8. gr. Friðhelgi einkalífs og fjölskyldu

Popov gegn Frakklandi

Dómur frá 19. janúar 2012

Mál nr. 39472/07 og 39474/07

Sjá reifun dómsins undir 5. gr.

Hælisleitendur. Frelsisvipting. Börn.

Karólína og Ernst August von Hannover gegn Þýskalandi (nr. 2) – Yfirdeild

Dómur frá 7. febrúar 2012

Mál nr. 40660/08 og 60641/08

8. gr. Réttur til friðhelgi einkalífs og fjölskyldu

Fjölmíðlar. Opinberar persónur. Samfélagsleg umræða.

1. Málsatvik

Kærendur eru Karólína prinsessa af Hannover, dóttir Rainiers III, fursta af Mónakó, sem nú er látinn, og eiginmaður hennar, Ernst August, prins af Hannover. Allt frá því snemma á tíunda áratug síðustu aldar hefur Karólína leitast við að koma í veg fyrir að myndir af einkalífi hennar birtust í fjölmiðlum. Tvær myndaraðir, sem birtust í þýskum tímaritum árin 1993 og 1997, hafa áður komið til kasta þýskra dómstóla. Um þá málsmeðferð fjallaði Mannréttindadómstóllinn í máli hennar gegn Þýskalandi nr. 59320/00 frá 24. júní 2004, en þar komst hann að þeirri niðurstöðu að brotið hefði verið gegn rétti hennar til friðhelgi einkalífs samkvæmt 8. gr. sáttmálans.

Á grundvelli þess dóms höfðuðu Karólína og Ernst August síðan nokkur einkamál þar sem farið var fram á lögban við frekari birtingu fleiri ljósmynda

8. gr. Friðhelgi einkalífs og fjölskyldu

sem sýndu þau í skíðafríi og teknar höfðu verið án samþykkis þeirra, en þær höfðu birst í þýskum tímaritunum Frau im Spiegel og Frau Aktuell á árunum 2002 and 2004.

Enda þótt þýskur dómstóll hefði þann 6. mars 2007 fallist á lögbannskröfu Karólínu um tvær hinna umdeildu mynda og sagt að þær væru ekki framlag til umræðu sem varðaði almenning, þá hafnaði hann kröfu hennar um lögbann við annarri mynd sem hafði birst í Frau im Spiegel í febrúar 2002. Sýndi sú mynd hjónin í gönguferð meðan á skíðafríi þeirra í St. Moritz stóð. Fylgdi henni grein sem skýrði m.a. frá vanheilsu Rainiers fursta af Mónakó. Þýski dómstóllinn taldi umfjöllun um heilsufar furstans vera málefni sem varðaði almenning. Þann 26. febrúar 2008 vísaði þýski stjórnlagadómstóllinn kæru Karólínu prinsessu frá og hafnaði því sérstaklega að þýskir dómstólar hefðu litið framhjá eða ekki tekið nægilegt tillit til dómaframkvæmdar Mannréttindadómstólsins. Þann 16. júní 2008 hafnaði stjórnlagadómstóllinn án frekari rökstuðnings að taka til skoðunar fleiri kærur Karólínu og manns hennar um sömu ljósmynd og um svipaða mynd sem birst hafði í Frau Aktuell.

2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólnum

Kæran

Kærendur héldu því fram að þýskir dómstólar hefðu brotið gegn 8. gr. sáttmálans með synjun lögbanns við allri frekari birtingu hinna umþrættu ljósmynda. Hefðu þeir ekki tekið nægilegt tillit til fyrri dóms dómstólsins í máli annars kæranda, Karólínu, gegn Þýskalandi frá 2004.

Niðurstaða

Fyrst áréttaði dómstóllinn að það væri ekki hlutverk hans að taka til skoðunar hvort þýska ríkið hefði fullnægt skuldbindingum sínum um fullnustu dóms hans í fyrra málinu frá 2004. Slíkt væri í verkahring ráðherranefndar Evrópuráðsins. Málið varðaði því aðeins hina nýju kæru kæranda.

Dómstóllinn benti á að eftir fyrri dóm dómstólsins í máli kæranda frá 2004 hefðu þýskir dómstólar breytt dómaframkvæmd sinni. Sér í lagi hefðu þeir í hinni nýju dómaframkvæmd lagt til grundvallar að það skipti máli hvort frétt fæli í sér framlag til málefnalegar umræðu eða hvort hún stefndi aðeins að því að svala forvitni almennings um einkalífsmálefni. Því meira gildi sem upplýsingar hefðu fyrir almenning, þeim mun fremur yrðu hagsmunir manna sem nytu verndar gegn birtingu þeirra að víkja. Ennfremur hefði verið lagt til grundvallar að almennt hefðu þeir hagsmunir lesandans að fá afþreyingarefni minna vægi en vernd einkalífs.

Að mati Mannréttindadómstólsins gaf mannréttindasáttmálinn ekki tilefni til að finna að því að þýskir dómstólar hefðu lagt mat á upplýsingagildi hinnar umdeildu ljósmyndar – þeirrar einu sem lögbann hefði ekki verið lagt við – í ljósi greinarinnar sem birtist með henni. Dómstóllinn gat fallist á að í samhengi við greinina fælist í ljósmyndinni, sem henni fylgdi, að minnsta kosti einhvers konar framlag til umræðu sem varðaði almenning. Ekki gæti talist

8. gr. Friðhelgi einkalífs og fjölskyldu

óeðlilegt að þýskir dómstólar hefðu litið á vanheilsu Rainiers fursta sem mikilvægan samtímaatburð. Áherslu bæri að leggja á að þýskir dómstólar hefðu fallist á lögbann við birtingu tveggja annarra mynda sem sýndu kærundur við svipaðar aðstæður einmitt á þeim forsendum að birting þeirra þjónaði ekki öðru en því að vera afþreying fyrir almenning.

Þar að auki væri, óháð því álitamáli að hversu miklu leyti Karólína prinsessa hefði tekið að sér opinber störf fyrir furstadæmið Mónakó, ekki hægt að halda því fram að kærundur, sem óneitanlega væru frægir, væru venjulegar einkapersónur. Yrði að líta á þau sem opinberar persónur.

Loks taldi dómstóllinn þýsku dómstólana hafa lagt sig fram um að gæta jafnvægis milli tjáningarfrelsis útgáfufyrirtækjanna og réttar kærenda til friðhelgi einkalífs síns. Í þeirri viðleitni hefðu þeir berum orðum tekið tillit til dómaframkvæmdar dómstólsins, þar á meðal til dóms hans í fyrra máli Karólínu prinsessu gegn Þýskalandi frá 2004.

Komst dómstóllinn einróma að þeirri niðurstöðu að ekki hefði verið brotið gegn 8. gr. sáttmálans.

Antwi o.fl. gegn Noregi

Dómur 14. febrúar 2012

Mál nr. 26940/10

8.gr. Friðhelgi einkalífs og fjölskyldu

Útlendingar. Brottvísun. Fjölskyldulíf.

1. Málsatvik

Kærundur eru Henry Antwi, ríkisborgari Ghana, fæddur árið 1975, og eiginkona hans og dóttir, Vivian Awere Osei og Nadia Ryan Pinto, fæddar árin 1979 og 2001. Öll eru þau búsett í Osló. Antwi kom til Þýskalands árið 1998 og varð sér úti um falsað vegabréf sem gaf til kynna að hann væri portúgalskur ríkisborgari, fæddur 1969. Í Þýskalandi kynntist hann tilvonandi eiginkonu sinni, sem hafði flust 17 ára gömul frá Ghana til föður síns, bræðra og systra í Noregi. Flutti Antwi til Noregs til að vera í samvistum við hana. Dóttir þeirra fæddist árið 2001 í Noregi og þau gengu í hjónaband í Ghana árið 2005.

Árið 2006 ákváðu norsk innflytjendayfirvöld að vísa Antwi úr landi og banna honum endurkomu til landsins í fimm ár, eftir að upp komst að hann hafði framvísað fölsuðum skilríkum með beiðni sinni um atvinnu- og dvalarleyfi í Noregi.

2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólnum

Kæran

Kærundur töldu að ákvörðun innflytjendayfirvalda í Noregi frá árinu 2006 að vísa Antwi úr landi og meina honum að snúa aftur til Noregs í fimm ár bryti gegn rétti þeirra til fjölskyldulífs samkvæmt 8. gr. sáttmálans.

Niðurstaða

Dómstóllinn benti á að Antwi hefði fengið útgefið atvinnu- og dvalarleyfi í Noregi á grundvelli falsaðs vegabréfs og fæðingarvottorðs sem hann hafði fengið útgefið árið 1998 eftir að hafa villt á sér heimildir og þóst vera annar maður. Dvöl hans í Noregi hefði því alla tíð verið ólögleg. Dómstóllinn taldi norsk yfirvöld hvorki hafa beitt gerræði né á annan hátt farið út fyrir það svigrúm til mats sem þau hefðu á þessu sviði. Hefðu þau gætt sanngjarns jafnvægis milli almannahagsmuna af því að viðhafa virkt innflytjendaeftirlit og þeirrar þarfar kæranda að Antwi gæti verið um kyrrt í Noregi.

Niðurstaða dómstólsins var því sú að brottvísun Antwi frá Noregi með fimm ára endurkomubanni bryti ekki gegn 8. gr. sáttmálans.

Gas og Dubios gegn Frakklandi

Dómur frá 15. mars 2012

Mál nr. 25951/07

Sjá reifun dómsins undir 14. gr.

Ættleiðing. Samkynhneigðir. Réttarstaða sambúðarmaka.

Konstantin Markin gegn Rússlandi – Yfirdeild

Dómur frá 22. mars 2012

Mál nr. 30078/06

Sjá reifun dómsins undir 14. gr.

Hermenn. Mismunun á grundvelli kynferðis. Foreldraorlof.

Ahrens gegn Þýskalandi

Dómur frá 22. mars 2012

Mál nr. 45071/09

Sjá reifun dómsins undir 14. gr.

Börn. Faðernismál. Réttur til að fá faðerni viðurkennt.

Gillberg gegn Svíþjóð - Yfirdeild

Dómur frá 3. apríl 2012

Mál nr. 41723/06

Sjá reifun dómsins undir 10. gr.

Skylda til að afhenda gögn. Rannsóknargögn í háskóla.

Van der Heijden gegn Hollandi - Yfirdeild

Dómur frá 3. apríl 2012

Mál nr. 42857/05

8. gr. Friðhelgi einkalífs og fjölskyldu

Vitnaskylda. Meðferð refsímals.

1. Málsvatik

Kærandi, Gina Gerdina van der Heijden, er hollenskur ríkisborgari. Hún fæddist árið 1969 og er búsett í borginni Hertogenbosch. Í maí árið 2004 var hún boðuð sem vitni í sakamáli gegn sambýlismanni sínum sem hafði verið ákærður fyrir manndráp. Kærandi mætti fyrir dómi en neitaði að gefa skýrslu. Kærandi hélt því fram að ekki væri hægt að skylda hana til að bera vitni gegn sambýlismanni hennar þar sem þau höfðu verið í sambúð í 18 ár og ættu saman tvö börn. Einstaklingar sem væru giftir eða í staðfestri sambúð þyrftu ekki að vitna gegn mökum samkvæmt ákvæðum hollenskra réttarfarslaga og eðlilegt væri að hún nyti sama réttar. Þann 2. júní 2004 komust dómstólar að þeirri niðurstöðu að kæranda væri skylt að bera vitni í málinu enda vægju rannsóknarhagsmunir þyngra en hagsmunir hennar af því að bera ekki vitni. Þegar kærandi neitaði að verða við þessari ákvörðun var hún færð í varðhald. Kærandi var leyst úr varðhaldi eftir 13 daga þrátt fyrir að saksóknari færi fram á lengra varðhald á grundvelli rannsóknarhagsmuna. Í maí árið 2005 vísaði Hæstiréttur Hollands máli kæranda frá dómi. Rökstuðningur hæstaréttar var á þann veg að ákvæði réttarfarslaga væru skýr að því leyti að aðeins þeir sem væru giftir eða í staðfestri sambúð gætu neitað að bera vitni fyrir dómstólum í málum gegn mökum sínum. Öðrum bæri almennt að bera vitni væru þeir kvaddir fyrir dóm. Nauðsynlegt væri að slík ákvæði væru skýr og túlkun þröngt til að koma í veg fyrir réttaróvissu.

2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólum

Kæran

Kærandi hélt því fram að óeðlilegt væri að vernd friðhelgi einkalífs væri háð formlegum skilyrðum á borð við hjúskap eða staðfesta sambúð. Dómstólum hefði borið að veita henni sömu réttindi og aðilum sem væru giftir eða í staðfestri sambúð enda væri samband hennar og barnsföður hennar sama eðlis. Þar sem það var ekki gert taldi hún að brotið hefði verið gegn rétti hennar samkvæmt 8. og 14. gr. sáttmálans.

Niðurstaða

Óumdeilt var að samband kæranda og barnsföður félli undir einkalíf hennar. Dómstóllinn féllst því á að skylda kæranda til að bera vitni gegn barnsföður hennar og sambýlismaka hefði falið í sér skerðingu á friðhelgi einkalífs hennar. Skerðingin hefði byggst á hollenskri réttarfarslöggjöf og því verið í samræmi við lög og hún hefði auk þess þjónað lögmætu markmiði. Dómstóllinn leit til þess að aðildarríki Evrópuráðsins væru með ólíkar reglur um vitnaskyldu. Veita bæri ríkjum visst svigrúm til mats í þeim efnum. Hvert ríki þyrfti að veita og meta ólíka hagsmuni, annars vegar hagsmuni ákæruvalds og almennings og hins vegar hagsmuni vitna og vernd fjölskyldulífs þeirra. Holland var eitt af mörgum ríkjum Evrópuráðsins þar sem aðeins einstaklingar sem uppfylltu ákveðin formleg fjölskylduleg skilyrði voru undanþegnin því að bera vitni. Dómstóllinn taldi að nauðsynlegt væri að slík skilyrði væru vel skilgreind og að

8. gr. Friðhelgi einkalífs og fjölskyldu

skýrt kæmi fram hvaða aðilar væru undanskildir þeirri skyldu að bera vitni og hverjir ekki. Líkt og Hæstiréttur Hollands hafði staðfest var þarlend réttarfarslöggjöf skýr að þessu leyti. Að mati dómstólsins var ekkert óeðlilegt við það að ríki takmörkuðu slíkar undanþágur við það að einstaklingar væru giftir eða í staðfestri sambúð. Dómstóllinn féllst ekki á það að samband kæranda og barnsföður hennar hefði lagalega sama gildi og hjónaband eða staðfest sambúð þrátt fyrir að sambandið hefði í eðli sínu verið sambærilegt. Jafnvel þótt ríki á borð við Holland veittu einstaklingum í sömu stöðu og kærandi og barnsfaðir hennar viss réttindi til að mynda hvað varðaði félagslegar bætur, húsaleigubætur og skattlagningu væru málefnaleg sjónarmið fyrir því að aðrar og strangari formreglur giltu hvað varðaði skyldu til bera vitni fyrir dómi í sakamálum enda miklir almannahagsmunir þar í húfi. Ekkert hafði staðið í vegi fyrir því að kærandi og barnsfaðir hennar giftu sig eða staðfestu sambúð sína með opinberri skráningu. Kærandi hafði hins vegar tekið þá ákvörðun að gera það ekki, og yrði hún að sæta því að þetta hefði tilteknar lagalegar afleiðingar í för með sér. Dómstóllinn taldi að gæsluvarðhaldsúrskurðurinn yfir kæranda hefði verið í samræmi við lög og þá hagsmuni sem voru í húfi. Með hliðsjón af ofangreindu komst dómstóllinn að þeirri niðurstöðu ekki hefði verið brotið gegn rétti kæranda samkvæmt 8. gr. sáttmálans.

Í ljósi þessarar niðurstöðu taldi dómstóllinn ekki þörf á því að taka afstöðu til þess hvort brotið hefði verið gegn 14. gr. sáttmálans.

Sjö dómarrar skiluðu séráliti.

Stübing gegn Þýskalandi

Dómur frá 12. apríl 2012

Mál nr. 43547/08

8. gr. Friðhelgi einkalífs og fjölskyldu

Kynferðissambönd. Refsingar við kynmökum systkina.

1. Málsatvik

Kærandi, Patrick Stübing, er þýskur ríkisborgari, fæddur árið 1976 og búsettur í Leipzig. Hann var ættleiddur þegar hann var þriggja ára gamall og hafði ekkert samband við líffræðilega fjölskyldu sína þar til árið 2000. Í kjölfarið komst kærandi að því að hann ætti systur sem fæddist árið 1984. Eftir að móðir kæranda lést í desember árið 2000 varð samband systkinanna nánara. Árin 2001 til 2005 bjuggu systkinin saman og eignuðust fjögur börn. Kærandi var í nóvember árið 2005 dæmdur í héraðsdómi til eins árs og tveggja mánaða fangelsis fyrir sífjaspell. Niðurstaðan byggði að hluta á álitu sérfræðivitnis þar sem fram kom að systir kæranda þjádíst af persónuleikaröskun og væri háð kæranda. Með vísan til þess varð ekki séð að hún gæti borið ábyrgð á gerðum sínum og því var henni ekki gerð refsing. Áfrýjunardómstóll staðfesti dóminn. Kærandi lagði í kjölfarið fram kæru til stjórnlagadómstóls Þýskalands vegna sakfellingarinnar. Þann 26. febrúar 2008 komst stjórnlagadómstóllinn

8. gr. Friðhelgi einkalífs og fjölskyldu

að þeirri niðurstöðu að ekki hefði verið brotið gegn stjórnarskrárvernduðum rétti kæranda. Dómstóllinn taldi að umrædd ákvæði hegningarlaga brytu ekki gegn friðhelgi einkalífs og fjölskyldu. Ýmsar ástæður væru að baki því að refsá einstaklingum fyrir sífjaspell. Helstu rökin fyrir því að banna sífjaspell og sambönd systkina væru vernd fjölskyldunnar. Þar að auki var nauðsynlegt að vernda sjálfsákvörðunarrétt einstaklinga og koma í veg fyrir að börn fæddust með erfðagalla en miklar líkur væru á því að erfðagallar kæmu fram í afkvæmum systkina.

2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólnum

Kæran

Kærandi hélt því fram að sakfelling hans hefði falið í sér brot á rétti hans samkvæmt 8. gr. sáttmálans.

Niðurstaða

Dómstóllinn útilokaði ekki að sakfelling kæranda kynni að hafa haft áhrif á fjölskyldulíf hans. Þá hafði sakfellingin óumdeilanlega falið í sér skerðingu á einkalífi kæranda samkvæmt 8. gr. sáttmálans. Niðurstaða þýskra dómstóla hafði byggt á ákvæðum hegningarlaga sem bönnuðu kynmök systkina. Tilgangur löggjafarinnar var sá að vernda siðferði og réttindi almennings. Sakfellingin hafði því þjónað lögmætu markmiði í samræmi við 8. gr. sáttmálans. Dómstóllinn áréttaði að þýsk yfirvöld hefðu vítt svigrúm til mats þegar kæmi að því hvernig taka ætti á kynferðislegum samböndum systkina. Aðildarríki Evrópuráðsins höfðu ólíkar reglur varðandi slík tilvik. Hins vegar var slíkt athæfi refsivert í meirihluta aðildarríkja. Þar að auki bönnuðu öll aðildarríki ráðsins giftingar systkina. Það var því breið samstaða meðal aðildarríkja um að kynferðislegt samneyti systkina væri hvorki löglegt né samfélagslega viðurkennt. Ekkert benti til þess að stefnubreyting hefði orðið í þessum málum eða fyrirhugað væri að lögleiða umrædda háttsemi. Stjórnlagadómstóll Þýskaland hafði farið yfir helstu rök með og á móti refsíábyrgð vegna sífjaspella og komist að þeirri niðurstöðu að réttlætanlegt væri að refsá einstaklingum fyrir slík brot. Kynferðisleg sambönd systkina fælu í sér ógn við fjölskyldusamsetningu þjóða og samfélagið í heild sinni auk þess sem hætta væri á að börn systkina fæddust með erfðagalla. Dómstóllinn taldi að dómur sakadóms hefði verið sanngjarn í ljósi þeirra hagsmuna sem í húfi voru. Með hliðsjón af því komst dómstóllinn að þeirri niðurstöðu að ekki hefði verið brotið gegn rétti kæranda samkvæmt 8. gr. sáttmálans.

Nacic o.fl. gegn Svíþjóð

Dómur frá 15. maí 2012

Mál nr. 16567/10

3. gr. Bann við pyndingum

8. gr. Friðhelgi einkalífs og fjölskyldu

Hælisleitendur. Brottvísun. Heilsufarsvandamál.

1. Málsatvik

Kærendur, Sladjan og Jelena Nacic, fædd árin 1969 og 1971, og synir þeirra, Alexander og Milan, fæddir 1991 og 1994, eru frá Kósóvó en dveljast í Svíþjóð. Þegar stríð braust út í Kósóvó árið 1999 neitaði Sladjan að sinna herkvaðningu og fór í felur. Í kjölfarið var fjölskyldu hans hótað og þau ofsótt af serbneska hernum. Eftir að hafa falið sig í húsi fjölskylduvinar í nokkur ár, einangruð frá umheiminum, héldu þau til Svíþjóðar árið 2006 og sóttu þar um hæli og dvalarleyfi. Umsóknum þeirra var hafnað að frátalinni umsókn eldri sonarins sem fékk varanlegt dvalarleyfi á grundvelli geðrænnar vanheilsu.

2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólnum

Kæran

Kærendur byggðu kæru sína á 3. og 8. gr. sáttmálans. Þau töldu að yrði þeim gert að fara aftur til Kósóvó eða Serbíu yrðu þau fyrir tjóni á geðheilsu sinni og fjölskyldulíf þeirra yrði fyrir skaða vegna aðskilnaðar við eldri soninn.

Niðurstaða

Um 3. gr.: Dómstóllinn benti á að fólk sem sækir um hæli í landi og hefur nýtt sér heilbrigðiskerfi þess sem betra er en í heimalandinu öðlist ekki sjálfstæðan rétt á að njóta þeirrar þjónustu áfram. Slíkt legði afar þungar byrðar á aðildarríkin. Þó geti í undantekningartilvikum komið upp mál sem eru svo alvarleg fyrir heilsu manna að brottvísun úr landi teldist brot gegn 3. gr. sáttmálans.

Dómstóllinn tók til athugunar hvort heilsa kæranda myndi skerðast vegna brottvísunar og afleiðingar þess. Sænska ríkið benti á að það hefði gengið lengra en því bar með því að bjóða elsta syninum dvalarleyfi í landinu, og tók fram að svipuð heilbrigðisþjónusta væri til staðar í Kósóvó og Serbíu. Dómstóllinn tók fram að gögn málsins bentu ekki til þess að neinn kæranda sækti í reynd geðlæknisþjónustu í Svíþjóð, elsti sonurinn væri 21 árs gamall og virtist lífa eðlilegu lífi og að öll gögn málsins sem tengdust geðheilsu kæranda lytu að persónulegum upplifunum þeirra frekar en klínísku mati. Var því fremur um getgátur að ræða en staðreyndir varðandi þær staðhæfingar að geðheilsu þeirra myndi hraka við brottflutning. Taldi dómstóllinn því ekki brotið gegn 3. gr. sáttmálans.

Um 8. gr.: Dómstóllinn tók til skoðunar hvort kærendur ættu eiginlegt fjölskyldulíf eða rætur í Svíþjóð sem nyti verndar 8. gr. sáttmálans, en taldi að svo væri ekki. Dómstóllinn benti á að flest lagaleg tengsl hefðu rofnað þegar sonurinn varð 18 ára. Með því að sækja um hæli hefðu kærendur vitað um þann möguleika að einhverju þeirra að öllum yrði synjað um hæli og fengju þar af leiðandi ekki að dveljast lengur í landinu. Benti dómstóllinn auk þess á að ekkert hindraði fjölskylduna í því að halda sambandi sem fjölskylda þótt einn þeirra hefði fengið dvalarleyfi í Svíþjóð en hinir sendir á brott. Taka varð tillit til þess að sænskum stjórnvöldum yrði að vera veitt talsvert svigrúm til mats á hvað það teldi heppilegasta framkvæmd landamæraeftirlits og búsetu í landinu.

8. gr. Friðhelgi einkalífs og fjölskyldu

Að öllu virtu var það niðurstaða dómstólsins að sænska ríkið hefði ekki gengið of langt við framkvæmd reglna í málum innflytjenda og var því hvorki um brot gegn 8. gr. né 3. gr. sáttmálans að ræða.

Santos Nunes gegn Portúgal

Dómur frá 22. maí 2012

Mál nr. 61173/08

8.gr. Friðhelgi einkalífs og fjölskyldu

Börn. Forsjá. Fullnusta dóma. Athafnaleysi stjórnvalda.

1. Málsatvik

Kærandi, Baltasar Santos Nunes, er portúgalskur ríkisborgari, fæddur árið 1979 og búsettur í Serta í Portúgal. Kærandi eignaðist dótturina E þann 12. febrúar 2003 með brasilískri konu eftir stutt samband. Eftir að faðernið var staðfest með erfðarannsókn höfðaði kærandi dómsmál til að fá forsjá E og fékk dæmda forsjá hennar 13. júlí 2004. Móðir E hafði, skömmu eftir fæðingu hennar, komið henni í umsjá parsins G og K sem neituðu að láta barnið frá sér. Kærandi fór þess reglulega leit við portúgólsk yfirvöld að dóminum frá 13. júlí 2004 yrði fullnægt en varð ekki ágenkt.

Í febrúar 2005 voru G og K kvödd fyrir dóm til að afhenda E til kæranda. G mætti einn og neitaði að greina frá því hvar kona hans væri niðurkomin með barnið. Lögregla hóf leit og reyndi að hafa upp á E en án árangurs. Dómari hafði upphaflega skilgreint leitina þannig að ekki væri brýn þörf á að hraða málinu en breytti þeirri afstöðu sinni í júní 2006 að kröfu kæranda. Vísaði dómariinn málinu þá til rannsóknarlögreglu. Dómariinn reyndi að koma á fundum milli kæranda, barnsmóður hans og G snemma árs 2007 en án árangurs. Að tilmælum dómarsins fór K með E til barnasálfræðings í mars 2007. Hinn 16. apríl 2007 ákvað dómariinn aðlögunartímabil vegna breytinga á forsjá, þar sem kærandi hefði umgengnisrétt við E. Í apríl 2008 frestaði dómari því að E skyldi afhent um 90 daga og byggði þá niðurstöðu á áliti barnasálfræðings.

E var að lokum afhent kæranda 19. desember 2008, en þá voru liðin fjögur og hálf ár frá dóminum þar sem honum var dæmd forsjá hennar. Í janúar 2009 lauk aðlögunartímanum og úrskurðaði dómari að barnið skyldi búa hjá kæranda til frambúðar. G og K fengu síðar dæmdan umgengnisrétt.

Kærandi kærði G og K, sem voru sakfelld fyrir barnarán og fengu tveggja ára skilorðsbundinn dóm fyrir. Þeim var ennfremur gert að greiða kæranda skaðabætur.

2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólnum

Kæran

Kærandi byggði kæru sína á því að aðgerðaleysi portúgalskra yfirvalda og dráttur þeirra á að framfylgja dómi um forsjá hans yfir E hans hefði brotið gegn 1. mgr. 6. gr. og 8. gr. sáttmálans.

Niðurstæða

Dómstóllinn ákvað að skoða málið eingöngu út frá 8. gr. sáttmálans. Hann benti á að tekið hefði fjögur og hálf ár að fá dómi um forsjá E fullnægt. Skortur á samvinnuvilja G og K gæti ekki réttlætt þennan drátt enda bar yfirvöldum að gera allt sem í þeirra valdi stóð til að vernda fjölskyldulíf kæranda með því að framfylgja dóminum. Málið hafði ekki verið sett í forgang hjá lögreglu fyrr en í júní 2006 þrátt fyrir beiðnir kæranda um að slíkt yrði gert frá árinu 2004.

Dómstóllinn leit til þess að um viðkvæmt mál hefði verið að ræða og að fjölmiðlar hefðu fjallað mikið um það. Það aflétti þó ekki þeirri ábyrgð af portúgölskum yfirvöldum að gera allt sem í valdi þeirra stóð til að framfylgja dóminum að um óvenjulegt deilumál var að ræða sem stóð ekki einvörðungu milli foreldra barns og ríkisins. Sérstaklega hefði yfirvöldum borið að hraða málinu af þeim ástæðum, sem Mannréttindadómstóllinn hafði áður ítrekað í dómum sínum, að dráttur á málum sem þessum gæti haft varanlegar afleiðingar fyrir samband barns og þess foreldris sem hefði ekki umsjá þess.

Dómstóllinn lagði að lokum áherslu á að það væri ekki hlutverk hans að taka ákvarðanir fyrir portúgölsk stjórnvöld í þessu máli eða meta hvernig hefði verið heppileg framkvæmd málsins til að vernda velferð barnsins sem best. Hins vegar væri ekki hægt að líta framhjá því að aðgerða- og viljaleysi portúgalskra stjórnvalda til að leysa málið og framfylgja löglegum ákvörðunum braut gegn rétti kæranda til friðhelgi einkalífs og fjölskyldu. Taldi dómstóllinn því að brotið hefði verið gegn 8. gr. sáttmálans.

E.S. gegn Svíþjóð

Dómur frá 21. júní 2012

Mál nr. 5786/08

8. gr. Friðhelgi einkalífs og fjölskyldu

Leynilegar myndatökur. Jákvæðar skyldur. Refsilöggjöf.

1. Málsatvik

Kærandi er sænskur ríkisborgari, fædd árið 1987 og býr í Ludvika í Svíþjóð. Árið 2002, þegar hún var 14 ára gömul, uppgötvaði hún að stjúpfaðir hennar hefði komið fyrir myndbandstökuvél í þvottakörfu á baðherbergi heimilis þeirra og var myndavélinni beint að þeim stað í herberginu þar sem hún var von að afklæðast. Móðir E.S. tilkynnti atvikið til lögreglu tveimur árum síðar og var stjúpfaðirinn ákærður fyrir kynferðisbrot. Dómstóll komst að þeirri niðurstöðu að maðurinn hefði gert upptökuna í kynferðislegum tilgangi, en upptakan sjálf var ekki til, þar sem móðirin hafði eytt henni þegar upp komst um málið. Hann var því sakfelldur og sú sakfelling staðfest af áfrýjunardómstól. Maðurinn áfrýjaði til þriðja dómstigsins og sneri sá dómstóll niðurstöðunni við og sýknaði manninn. Dómstóllinn taldi að þótt maðurinn hefði myndað stúlkuna í kynferðislegum tilgangi, væri það ekki refsivert samkvæmt sænskum lögum að mynda einstaklinga án vitundar þeirra. Þótt háttsemin bryti gegn einkalífi stúlkunnar, væri ekki hægt að sakfella manninn fyrir hana í refsímáli.

2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólnum

Kæran

Kærandi taldi að sænska ríkið hefði ekki uppfyllt skyldur sínar samkvæmt 8. gr. sáttmálans til þess að vernda einkalíf hennar.

Niðurstaða

Dómstóllinn tók fram að sáttmálinn legði ekki aðeins neikvæðar skyldur á aðildarríkin, heldur einnig jákvæðar skyldur til að tryggja að borgararnir nytu verndar í samskiptum sínum við aðra borgara. Þótt aðildarríki hefðu ríkt svigrúm til að meta hvaða ráðstafanir væru best til þess fallnar að vernda réttinn til einkalífs, væri rík krafa um að sett væru í lög ákvæði sem vernduðu þessi réttindi. Samt yrðu aðeins stórvægilegir gallar í löggjöf til þess að talið yrði að hún bryti gegn 8. gr. sáttmálans. Dómstóllinn féllst á að þótt ekki væri bann í sænskri löggjöf við leynilegum myndatökum, væru til staðar lög sem ættu að taka til tilvika eins og í þessu máli. Málið hefði verið kært til lögreglu og rannsakað af yfirvöldum. Um það hefði verið fjallað á þremur dómstigum þar sem stúlkan naut aðstoðar lögmanna og gat krafist bóta. Stjúpfaðir hennar hefði verið sakfelldur á fyrri dómstigum en sýknaður af áfrýjunardómstóli. Þá var bent á í sýknudómi áfrýjunardómstólsins að verknaðurinn gæti hafa talist varða við ákvæði refsilaga um bann við framleiðslu barnakláms. Mannréttindadómstóllinn tók því fram að rétti kæranda til einkalífs hefði verið veitt refsivernd með lögum, þar sem stjúpfaðir hennar hefði getað hlotið dóm fyrir misnotkun eða tilraun til framleiðslu barnakláms. Dómstóllinn benti enn fremur á að hlutverk hans væri ekki að endurskoða löggjöf aðildarríkja, heldur væri hann bundinn við þær kröfur sem lagðar væru fyrir hann. Þegar metið væri hvort stórvægilegur ágalli hefði verið á sænskri löggjöf tók dómstóllinn fram að sænska ríkið hefði þegar gert verulegar umbætur hvað varðaði lög gegn myndatökum án samþykkis og leitt í lög refsingar fyrir slík brot. Í ljósi ofangreinds og þegar litið væri til þess að athæfi stjúpfaðursins varðaði við sænsk lög á þeim tíma sem það fór fram, enda þótt hann væri sýknaður, taldi dómstóllinn að ekki hefðu verið þeir gallar á sænskri löggjöf sem teldust brjóta gegn ákvæðum 8. gr. sáttmálans. Því hefði ekki verið brotið gegn 8. gr.

Þrjú dómarmenningar skiluðu séráliti.

9. gr. Hugsana-, samvisku- og trúfrelsi

Sessa Francesco gegn Ítalíu

Dómur frá 3. apríl 2012

Mál nr. 28790/08

9. gr. Hugsana-, samvisku- og trúfrelsi

Lögmenn. Starfsskyldur. Helgidagar.

1. Málsatvik

Kærandi, Francesco Sessa, er ítalskur ríkisborgari, fæddur árið 1955 og búsettur í Napólí þar sem hann starfar sem lögmaður. Hann er gyðingatrúar og var ósáttur við þá ákvörðun dómara að þinghald í máli þar sem hann var réttargæslumaður brotþola færi fram á helgidegi gyðinga. Kærandi hafði farið fram á við dómara að dagsetningar þar sem taka átti málið fyrir yrðu endurskoðaðar enda væru báðir dagarnir, 13. og 18. október 2005, helgidagar gyðinga. Hélt hann því fram að trúarlegar skyldur sínar og sannfæring kæmu í veg fyrir að hann gæti sótt þinghaldið. Dómari neitaði að verða við kröfum kæranda og ákvað að þinghald skyldi haldið 13. október 2005. Í kjölfar ákvörðunarinnar fór kærandi fram á frestun þinghaldsins auk þess sem hann lagði fram kærú á hendur dómaranum í málinu. Beiðni kæranda um frestun var tekin fyrir þann 13. október 2005 og bókaði dómari að kærandi hefði ekki mætt sökum persónulegra ástæðna. Saksóknari og verjendur í málinu lögðust gegn beiðni kæranda en réttargæslumenn annarra brotþola tóku undir hana. Með úrskurði sama dag hafnaði dómari beiðni kæranda þar sem aðeins væri nauðsynlegt að saksóknari og verjendur væru viðstaddir þinghaldið enda væri markmið þess að afla sönnunargagna með skýrslutöku fyrir dómi. Þar að auki var samkvæmt réttarfarslögum ekki nauðsynlegt að fresta þinghaldi þótt réttargæslumaður hefði lögmeta afsökun fyrir því að komast ekki. Dómari benti á að fjöldi manna kæmi að réttarhaldinu, sakborningar, saksóknari, verjendur, brotþolar, sérfræðingar, og sérfræðivitni, og mikið álag væri á dómstólnum sem þýddi að fresta þyrfti þinghaldinu til ársins 2006, ef það væri ekki tekið fyrir 13. eða 18. október 2005. Nauðsynlegt væri að taka málið fyrir án óþarfa tafa. Kærandi kærði ákvörðunina, en málinu var vísað frá 2008 þar sem honum hafði ekki tekist að sýna fram á ásetning dómara til að brjóta á rétti hans til að iðka trú sína.

2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólnum

Kæran

Kærandi hélt því fram að með því að hafna beiðni hans um frestun þinghalds vegna helgidags gyðinga hefði verið brotið gegn rétti hans samkvæmt 9. gr. sáttmálans.

9. gr. Hugsana-, samvisku- og trúfrelsi

Niðurstaða

Mannréttindadómstóllinn tók fram að ákvörðun dómara um að hafna beiðni kæranda um frestun þinghalds hafði byggt á skýrum ákvæðum réttarfarfarslaga Ítalíu. Dómstóllinn var ekki sannfærður um að sú ákvörðun að halda þinghaldið á helgidegi gyðinga og neita að fresta því hefði falið í sér skerðingu á rétti kæranda til að iðka trú sína í skilningi 9. gr. sáttmálans. Óumdeilt var að kærandi gat tekið þátt í umræddum helgidegi og iðkað trúarskyldur sínar. Þá hafði kærandi mátt búast við því að beiðni hans yrði hafnað á grundvelli ákvæða réttarfarfarslaga. Með hliðsjón af því var honum í lófa lagið að fá einhvern til að mæta í sinn stað í umrætt þinghald. Kæranda hafði ekki tekist að sýna fram á að hann hefði verið þvingaður til að láta af iðkun trúarbragða sinna vegna þinghaldsins. Dómstóllinn benti ennfremur á að jafnvel þótt talið yrði að réttur kæranda samkvæmt 9. gr. sáttmálans hefði verið skertur þá byggði sú skerðing á skýrri lagastoð og væri réttlætunleg til að vernda frelsi og réttindi annarra, einkum rétt alls almennings til þess að dómstörf gengju greiðlega og að á þeim yrðu ekki óþarfar tafir. Með vísan til þessa komst dómstóllinn að þeirri niðurstöðu að ekki hefði verið brotið gegn rétti kæranda samkvæmt 9. gr. sáttmálans. Dómstóllinn taldi að önnur ákvæði sáttmálans kæmu ekki til skoðunar í málinu.

Þrjú dómara skiluðu séráliti.

10. gr. Tjáningarfrelsi

Axel Springer AG gegn Þýskalandi - Yfirdeild

Dómur frá 7. febrúar 2012

Mál nr. 39954/08

10. gr. Tjáningarfrelsi

Opinberar persónur. Fikniefnamál. Lögbann.

1. Málsatvik

Kærandi, Axel Springer AG, er þýskt útgáfufyrirtæki sem gefur út dagblaðið Bild. Í september 2004 birti Bild forsíðugrein um að X, þekktur sjónvarpsleikari, hefði verið handtekinn á bjórhátíð í München fyrir að hafa í vörslum sínum kókaín. Ítarleg grein um málið var inni í blaðinu með þremur myndum af X. Þar var þess getið að X, sem hafði leikið lögreglufoingja í vinselli sjónvarpsþáttaröð síðan 1998, hefði áður fengið skilorðsbundinn fangelsisdóm fyrir að hafa í vörslum sínum fikniefni í júlí 2000. Blaðið birti aðra grein í júlí 2005 um að X hefði verið sakfelldur og dæmdur til greiðslu fjársektar eftir að hafa játað að hafa haft í vörslum sínum fikniefni.

Strax eftir birtingu fyrri greinarinnar höfðaði X mál gegn kæranda og fór fram á lögbann við frekari birtingu greinarinnar. Féllst dómstóll í Hamborg á lögbann við hvers kyns frekari birtingu greinarinnar og myndanna. Áfrýjunardómstóll staðfesti bannið við birtingu greinarinnar í júní 2005 og

10. gr. Tjáningarfrelsi

félagið áfrýjaði ekki dóminum um ljósmyndirnar.

Í nóvember 2005 staðfesti dómstóll í Hamborg bann við hvers kyns frekari birtingu nær allrar greinarinnar og gerði kæranda að greiða X bætur. Taldi dómurinn vernd persónuréttinda X ganga fyrir hagsmunum almennings af upplýsingunum, þótt óumdeilt væri að dagblaðið hefði farið rétt með staðreyndir. Ekki hefði verið um alvarlegt brot að ræða og engir sérstakir almannahagsmunir væru af vitneskju um brot X. Staðfestu æðri dómstólar þá niðurstöðu og svipuð niðurstaða varð í máli um greinina sem fjallaði um sakfellingu X. Í mars 2008 vísaði þýski stjórnlagadómstóllinn frá beiðni kæranda um áfrýjun.

2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólnum

Kæran

Kærandi hélt því fram að lögbann við hvers kyns frekari birtingu umræddra greina um X hefði brotið gegn 10. gr. mannréttindasáttmálans.

Niðurstaða

Málsaðila greindi ekki á um að í niðurstöðum þýsku dómstólanna hefði falist skerðing á því tjáningarfrelsi sem 10. gr. sáttmálans mælti fyrir um. Einnig var óumdeilt að þýsk lög kváðu á um skerðinguna og að hún stefndi að því lögmæta markmiði að vernda mannorð annarra.

Um það hvort nauðsyn hefði borið til skerðingarinnar í lýðræðisþjóðfélagi tók dómstóllinn fram að umræddar blaðagreinar hefðu snúist um opinberar staðreyndir dómsmáls, sem almenningur hefði hagsmuni af að vera upplýstur um. Kæmi það að meginstefnu til kasta innlendra dómstóla að meta hversu þekktir menn væru, einkum þegar þeir væru, eins og hlutaðeigandi leikari, fyrst og fremst þekktir innanlands. Það hefði verið mat áfrýjunardómstóls að eftir að X hefði leikið lögregluforingja um langt skeið væri leikarinn þekktur í samfélaginu. Það var því niðurstaða Mannréttindadómstólsins að hann væri nægilega þekktur til að teljast vera opinber persóna, en það renndi stöðum undir að almenningur hefði hagsmuni af upplýsingum um handtöku hans og málareksturinn gegn honum. Þótt dómstóllinn gæti í meginatriðum fallist á það mat þýsku dómstólanna að hagsmunir útgefandans af því að birta greinarnar stöfuðu einmitt af þeirri staðreynd að þekktur leikari hefði framið brotið, og hefði tæpast orðið fréttafæni ella, lagði dómstóllinn áherslu á að leikarinn hefði verið handtekinn á almannafæri á bjórhátíð í München. Þá hefði það dregið enn frekar úr væntingum leikarans um að einkalíf hans nyti verndar að hann hefði áður gefið upplýsingar um sín persónulegu mál í fjölmörgum viðtölum.

Að sögn eins þeirra blaðamanna sem hlut áttu að máli, sem þýsk yfirvöld höfðu ekki andmælt, höfðu upplýsingarnar sem birtust í Bild í september 2004 verið fengnar frá lögreglu og saksóknara í München. Hefðu upplýsingarnar því verið reistar á nægilega traustum grunni og hefði ekki verið vefengt að rétt hefði verið farið með í báðum greinum. Ekkert benti til annars en að fjölmiðillinn hefði leitast við að gæta jafnvægis milli eigin hagsmuna af því að birta upplýsingarnar og réttar leikarans til friðhelgi einkalífs. Að fenginni staðfestingu á

10. gr. Tjáningarfrelsi

upplýsingunum frá saksóknara hefði fjölmiðillinn ekki haft nægilega ríkar ástæður til að telja sér skylt að varðveita nafnleysi leikarans. Í því samhengi tók dómstóllinn einnig fram að allt það sem fjölmiðillinn greindi frá um málið daginn sem fyrri greinin kom út hefði saksóknari staðfest við önnur tímarit og sjónvarpsstöðvar í landinu.

Auk þessa tók dómstóllinn fram að greinarnar hefðu ekki greint frá upplýsingum um einkalíf leikarans, heldur hefðu þær fyrst og fremst snert kringumstæður við handtöku hans og niðurstöðu sakamáls gegn honum. Hvorki hefði verið farið um hann niðrandi orðum né farið með óstaðfestar staðhæfingar, og hefði ríkið ekki leitt í ljós að birting greinanna hefði haft alvarlegar afleiðingar fyrir leikarann. Þótt viðurlögin sem fjölmiðillinn hefði verið beittur væru ekki þung, gátu þau haft fælingaráhrif. Komst dómstóllinn að þeirri niðurstöðu að þær skorður sem fjölmiðlinum voru settar hefðu ekki verið í eðlilegu samræmi við það lögmæta markmið að vernda einkalíf leikarans. Hefði því verið brotið gegn 10. gr. sáttmálans.

Samkvæmt 41. gr. sáttmálans voru kæranda dæmdar 17.734,28 evrur í bætur fyrir fjártjón og 32.522,80 evrur vegna málskostnaðar og annars útlagðs kostnaðar.

Fimm dómarmar af sautján skiluðu séráliti.

Vejdland o.fl. gegn Svíþjóð

Dómur frá 9. febrúar 2012

Mál nr. 1813/07

10. gr. Tjáningarfrelsi

7. gr. Engin refsing án laga

Hatursáróður. Ummæli um samkynhneigða.

1. Málsatvik

Kærendur, Tor Fredrik Vejdeland, Mattias Harlin, Björn Täng og Niklas Lundström, eru sænskir ríkisborgarar, fæddir 1978, 1981, 1987 and 1986 og búsettir í Svíþjóð. Í desember árið 2004 fóru kærendur ásamt þremur öðrum inn í menntaskóla og dreifðu þar u.þ.b. hundrað bæklingum frá samtökunum Þjóðernisæsku (Nationell Ungdom). Komu þeir bæklingunum fyrir í skápum nemendanna eða við þá. Skólastjóri skólans stöðvaði þá og skipaði þeim að yfirgefa skólalóðina. Í bæklingunum var því m.a. haldið fram að samkynhneigð væri „afbrigðileg hneigð“ sem hefði „siðferðileg niðurrifisáhrif á þjóðarlíkamann“ og ætti sök á framgangi alnæmisveirunnar og sjúkdómsins. Kærendur sögðu það ekki hafa verið ætlun sína að lítilsvirða samkynhneigða sem hóp og kváðu tilgang sinn hafa verið að koma af stað umræðu um skort á hlutlægni í kennslu um þetta efni í sænskum skólum.

Héraðsdómur komst að þeirri niðurstöðu að tilgangur kæranda hefði verið að lítilsvirða samkynhneigða og sakfelldi þá fyrir hatursáróður gegn þjóðar- eða þjóðernishópum. Áfrýjunardómstóll sýknaði kærendur á þeirri forsendu að sakfelling bryti gegn því tjáningarfrelsi sem mannréttindasáttmálinn tryggði

10. gr. Tjáningarfrelsi

þeim. Þann 6. júlí 2006 sakfelldi Hæstiréttur Svíþjóðar kærendur fyrir hatursáróður gegn hópi vegna þjóðernis eða uppruna. Taldi meirihluti dómara m.a. að nemendur hefðu ekki átt kost á að neita því að taka við bæklingunum og að hægt hefði verið að ná því markmiði að efna til umræðu um hlutlægni í kennslu án þess að dreifa meiðandi staðhæfingum um samkynhneigða sem hóp. Þeir kærenda hlutu skilorðsbundna fangelsisdóma ásamt sektum frá u.þ.b. 200 til 2.000 evrum og sá fjórði var dæmdur til að sæta skilorðseftirliti.

2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólnum

Kæran

Kærendur héldu því fram að með sakfellingu þeirra hefði verið brotið gegn tjáningarfrelsi þeirra samkvæmt 10. gr. sáttmálans. Einnig héldu þeir því fram að brotið hefði verið gegn 7. gr. sáttmálans.

Niðurstaða

Um 10. gr.: Kærendur höfðu verið sakfelldir fyrir hatursáróður í samræmi við sænsk hegningarlög. Dómstóllinn taldi að skerðing tjáningarfrelsis þeirra hefði verið nægilega skýr og fyrirsjáanleg og þannig verið lögmælt í skilningi sáttmálans. Skerðingin hefði þjónað því lögmæta markmiði 2. mgr. 10. gr. sáttmálans að vernda mannorð og réttindi annarra.

Dómstóllinn var sammála Hæstarétti Svíþjóðar um að jafnvel þótt það markmið kærenda að koma af stað umræðu um skort á hlutlægni í kennslu um samkynhneigð í sænskum skólum hefði þótt ásættanlegt, þyrfti að gefa orðalagi bæklinganna gaum. Þar kæmi fram að samkynhneigð væri „afbrigðileg hneigð“ sem hefði „siðferðileg niðurrifsáhrif á þjóðarlíkamann“ og ætti sök á framgangi alnæmisveirunnar og sjúkdómsins. Einnig hefði því verið haldið fram að „hagsmunaverðir samkynhneigðra“ reyndu að gera sem minnst úr barnagirnd. Í þessum yfirlýsingum hefðu falist alvarlegar ásakanir, jafnvel þótt ekki hefði verið hvatt til hatursverka. Dómstóllinn lagði áherslu á að mismunun á grundvelli kynhneigðar væri jafnalvarleg og mismunun á grundvelli kynþáttar, uppruna eða litarháttar. Jafnframt því að viðurkenna rétt kærenda til að tjá hugmyndir sínar hefði Hæstiréttur Svíþjóðar komist að þeirri niðurstöðu að yfirlýsingar bæklingins hefðu verið meiðandi að þarflausu. Einnig hafði hann lagt áherslu á að kærendur hefðu þröngvað bæklingunum upp á nemendur með því að skilja þá eftir í eða við skápa þeirra. Dómstóllinn tók fram að nemendurnir hefðu verið á tilfinningalega viðkvæmum aldri og að bæklingunum hefði verið dreift í skóla sem enginn kærenda hefði gengið í og þeir hefðu ekki haft frjálstan aðgang að. Dómstóllinn taldi þau viðurlög sem kærendur voru beittir ekki úr hófi miðað við aðstæður, enda hefði brotið sem þeir voru dæmdir fyrir varðað allt að tveggja ára fangelsisvist. Dómstóllinn taldi því að sænsk yfirvöld hefðu komist að rétttri niðurstöðu um að skerðing tjáningarfrelsis kærenda væri við þessar aðstæður nauðsynleg í lýðræðisþjóðfélagi til verndar mannorði og réttindum annarra. Komst dómstóllinn einróma að þeirri niðurstöðu að ekki hefði verið brotið gegn 10. gr. sáttmálans.

10. gr. Tjáningarfrelsi

Um 7. gr.: Dómstóllinn leit til þeirrar niðurstöðu umfjöllunarinnar um 10. gr. að hin kærða ráðstöfun hefði verið lögmælt í skilningi sáttmálans. Lýsti hann kærana um 7. gr. því ótæka til efnismeðferðar.

Gillberg gegn Svíþjóð - Yfirdeild

Dómur frá 3. apríl 2012

Mál nr. 41723/06

8. gr. Friðhelgi einkalífs og fjölskyldu

10. gr. Tjáningarfrelsi

Skylda til að afhenda gögn. Rannsóknargögn í háskóla.

1. Málsatvik

Kærandi, Christopher Gillberg, er sænskur ríkisborgari, fæddur árið 1950. Hann er prófessor og fyrrverandi forseti barna- og þroskasálfræðideildar Háskólans í Gautaborg. Um nokkurra ára skeið hafði hann umsjón með rannsóknarverkefni um ofvirkni og athyglisbrest barna. Verkefnið fór fram á vegum Háskólans í Gautaborg á árunum 1977 til 1992. Foreldrar 141 barns á leikskólaaldri buðust til að taka þátt í rannsókninni. Foreldrum barnanna, og síðar börnunum sjálfum, var heitið trúnaði um þær upplýsingar sem látnar voru rannsakerndum í té. Kærandi hélt því fram að síðanefnd háskólans hefði gert það að skilyrði þegar leyfi fékkst fyrir rannsókninni að einungis hann og starfsfólk hans hefði aðgang að rannsóknargögnunum. Hann hefði þess vegna heitið börnunum og foreldrum þeirra algjörum trúnaði og voru gögnin í vörslu hans.

Árið 2002 óskaði félagsfræðingur sem stundaði rannsóknir við annan háskóla í Svíþjóð eftir aðgangi að rannsóknargögnunum. Sama ár óskaði barnalæknir eftir aðgangi að rannsóknargögnunum. Báðum beiðnunum var hafnað af Háskólanum í Gautaborg. Báðir umsækjendur kærðu þær synjanir til stjórnarsýsludómstóls. Niðurstaða dómstólsins var að félagsfræðingurinn og barnalæknirinn ættu rétt á að fá aðgang að rannsóknargögnunum enda ættu þeir lögvarða hagsmuni af því að fá að kynna sér þau auk þess sem þeim væri treystandi til að fara með trúnaðargögn. Háskólanum bæri að setja þeim skilyrði til að tryggja hagsmuni þeirra einstaklinga sem tóku þátt í rannsókninni. Setti háskólinn þau skilyrði að þeir gætu einungis skoðað gögnin hjá háskólanum sjálfum og óheimilt væri að fjölfalda þau.

Kærandi neitaði að afhenda háskólanum gögnin. Í því ljósi sá háskólinn sér ekki annað fært í byrjun árs 2004 en að neita um aðgang að gögnunum. Stjórnarsýsludómstóll ógilti þá ákvörðun og mælti svo fyrir að háskólinn skyldi afhenda gögnin. Nokkrum dögum síðar eyddu samstarfsmenn kæranda rannsóknargögnunum. Í öll skiptin sem stjórnarsýsludómstóll kvað upp dóm í málinu reyndi kærandi að skjóta málinu til æðri dómstóls en var það ókleift þar sem hann var ekki talinn vera aðili að málinu.

Í júní 2005 var kærandi dæmdur fyrir brot í starfi. Hann fékk skilorðs-

10. gr. Tjáningarfrelsi

bundinn dóm og sekt sem samsvaraði 4.000 evrum. Varaforseti háskólans og aðrir starfsmenn skólans sem tóku þátt í því að eyða rannsóknargögnum voru jafnframt dæmdir fyrir sömu sakir. Dómurinn var staðfestur í febrúar 2006 af áfrýjunardómstól. Hæstiréttur Svíþjóðar hafnaði því í apríl 2006 að taka mál kæranda til skoðunar.

2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólnum

Kæran

Kærandi hélt því fram að sakfelling hans hefði falið í sér brot á rétti hans samkvæmt 8. og 10. gr. sáttmálans.

Niðurstaða deildar

Dómstóllinn komst að þeirri niðurstöðu í dómi frá 2. nóvember 2010 að ekki hefði verið brotið gegn réttinum kæranda samkvæmt 8. og 10. gr. sáttmálans.

Niðurstaða yfirdeildar

Um 8. gr.: Dómstóllinn áréttaði að kærandi hefði hvorki verið lækni barnanna sem tóku þátt í rannsókninni né sálfræðingur þeirra. Kærandi kom hvorki fram fyrir hönd barnanna né foreldra þeirra. Dómstóllinn þurfti því að skera úr um það hvort sakfelling kæranda vegna brota í starfi hefði falið í sér skerðingu á friðhelgi einkalífs hans samkvæmt 8. gr. sáttmálans. Engin fordæmi voru fyrir því að þjáningar sem rekja mætti til sakfellingar vegna refsiverðrar hegðunar fælu í sér sjálfstætt brot gegn 8. gr. sáttmálans. Sakfelling kæranda vegna brota í starfi á grundvelli ákvæða hegningarlaga hafði verið eðlileg beiting viðkomandi ákvæða landslaga. Brot kæranda tengdust ekki einkalífi hans heldur starfi og þá hafði hann ekki sýnt fram á að einkalíf hans hefði skaðast vegna sakfellingarinnar. Kærandi hefði sjálfur viðurkennt að hafa ákveðið að verða ekki við skýrum fyrirmælum dómstóla um afhendingu gagnanna þrátt fyrir vitneskju um að það fæli í sér brot í starfi. Sakfelling kæranda og sá tekjumissir sem henni fylgdi var því fyrirsjáanleg afleiðing af brotum hans. Afleiðingar brota kæranda voru að mati dómstólsins í samræmi við þau brot sem hann hafði gerst sekur um. Með hliðsjón af ofangreindu komst dómstóllinn að þeirri niðurstöðu að ekki hefði verið brotið gegn rétti kæranda samkvæmt 8. gr. sáttmálans.

Um 10. gr.: Dómstóllinn útilokaði ekki að neikvætt tjáningarfrelsi, í þessu tilviki synjun um afhendingu gagna, gæti fallið undir 10. gr. sáttmálans líkt og kærandi hélt fram. Hér yrði þó að líta til þess að gögnin sem kærandi neitaði að láta af hendi voru eign Gautaborgarháskóla. Aðgangur að umræddum gögnum heyrði því undir ákvæði upplýsingalaga og laga um frelsi fjölmiðla. Kærandi hafði hvorki verið lækni né sálfræðingur þátttakenda í rannsókninni og var því ekki bundinn ríki trúnaðarskyldum gagnvart þeim. Það var því ekkert sem stóð formlega í vegi fyrir því að kærandi léti umrædd gögn af hendi í samræmi við niðurstöður dómstóla. Kærandi hafði ekki lagt fram nein gögn því til stuðnings

10. gr. Tjáningarfrelsi

að siðanefnd háskólans hefði skyldað rannsakendur til að lofa þátttakendum rannsóknarinnar fullum trúnaði. Dómstóllinn féllst ekki á þau rök kæranda að hann hefði getað vísað til neikvæðs tjáningarfrelsis síns þar sem gögnin væru eign háskólans. Slík niðurstaða hefði bæði brotið gegn eignarrétti háskólans og rétti fræðamanna tveggja, sem óskað höfðu eftir gögnum, samkvæmt 6. og 10. gr. sáttmálans. Þá varð að líta til þess að kærandi, ólíkt lögmönnum og blaðamönnum, hafði hvorki sérstakt umboð frá þátttakendum í rannsókninni né eignarrétt yfir rannsóknargögnum. Dómstóllinn komst því að þeirri niðurstöðu að ekki hefði verið brotið gegn rétti kæranda samkvæmt 10. gr. sáttmálans.

Schweizerische Radio- und Fernsehgesellschaft SRG gegn Sviss

Dómur frá 21. júní 2012

Mál nr. 34124/06

10. gr. Tjáningarfrelsi

Fangar. Sjónvarpsupptökur í fangelsi.

1. Málsatvik

Kærandi er einkafyrirtæki sem rekur sjónvarpsstöð í Zürich. Hinn 12. ágúst 2004 óskaði sjónvarpsstöðin eftir heimild til að taka upp viðtal við A sem afplánaði fangelsisdóm fyrir manndráp. Ætlunin var að senda viðtalið út í fréttabættinum Rundschau sem hluta af umfjöllun um sakamálið og réttarhöldin yfir öðrum manni sem einnig var grunaður í málinu. Kærandi rökstuddi leyfisbeiðni sína vegna viðtalsins við A, sem hafði samþykkt að veita viðtalið, með vísan til þess að málið væri enn í samfélagsumræðunni og veki mikinn áhuga almennings. Fangelsisýfirvöld höfnuðu beiðni kæranda um viðtal, og vísuðu til þess að nauðsyn væri að halda uppi röð og reglu innan fangelsisins og að ekki væri hægt að mismuna fögum sem væru í afplánun. Kærandi vísaði málinu til stjórnáráðs dómstóls í Bern og tók fram í kærðu sinni að eingöngu ætti að taka viðtal við A en ekki að mynda aðstöðu fangelsisins og öryggisbúnað þess. Dómstóllinn hafnaði kröfunni á þeim grundvelli að ekki væri hægt að ætlast til þess af fangelsisýfirvöldum að gera allar þær öryggisráðstafanir sem væru nauðsynlegar til þess að viðtalið gæti átt sér stað. Kærandi áfrýjaði dóminum og taldi að höfnun yfirvalda á grundvelli öryggismála og tæknimála væri illa rökstudd. Kærandi færði rök fyrir því að með nútímataekni væri vel hægt að taka viðtalið án þess að raska friði í fangelsinu, enda hefði ætlunin verið að viðtalið færi fram í heimsóknaálmu þess. Áfrýjun kæranda var hafnað með þeim rökum að réttur fanga til þess að fá heimsóknir tryggði ekki jafnframt rétt til þess að veita viðtöl í slíkum heimsóknum og að aðgengi myndatökumanna gæti brotið gegn rétti annarra fanga til einkalífs.

2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólnum

Kæran

Kærandi taldi að synjun yfirvalda um leyfi til að taka viðtal við A fæli í sér brot gegn 10. gr. sáttmálans um tjáningarfrelsi.

10. gr. Tjáningarfrelsi

Niðurstaða

Dómstóllinn tók fram að þegar litið væri til þess að umræddur sjónvarpsþáttur fjallaði um mál sem hefði mikið almennt gildi hefðu svissnesk yfirvöld takmarkað svigrúm í mati á því hvort bannið teldist vera nauðsynlegt vegna þjóðfélagsaðstæðna. Þótt hægt væri að fallast á að í upphafi hafi verið grundvöllur til þess að leyfa ekki viðtalið, ekki síst þar sem réttarhöld yfir A stóðu ennþá, þá tók dómstóllinn fram að ástæður síðari höfnunar hefðu ekki verið studdar nægjanlegum rökum, hvorki hvað varðaði hag annarra fanga né hvað varðaði öryggismál. Kærandi hafði útskýrt fyrir yfirvöldum hvernig viðtalið gæti farið fram og tæknilega útfærslu þess, en ekki hafi verið tekið tillit til þess í úrskurðum dómstóla. Hvað varðaði skyldur ríkisins til þess að vernda A, tók dómstóllinn fram að fanginn hefði sjálfur gefið skýrt samþykki sitt fyrir viðtalinu. Dómstóllinn tók fram að 10. gr. sáttmálans verndaði einnig það form sem notað er til að koma hugmyndum og upplýsingum á framfæri, en ekki bara efni tjáningarinnar. Því væri ekki á hendi Mannréttindadómstólsins eða yfirvalda aðildarríkjanna að ákvarða hvaða miðilsform fjölmiðlar nýttu við framsetningu á efni sínu. Af þessum sökum hefðu yfirvöld ekki getað uppfyllt þær skyldur sem 10. gr. legði á þau með því einu að veita leyfi til símaviðtals við fangann. Dómstóllinn taldi að þótt yfirvöld aðildarríkjanna væru í betri stöðu en dómstóllinn til þess að meta hvort og þá hvernig aðgengi að föngum skyldi háttað í einstökum ríkjum, þá hefði hið fortakslausa bann við myndatökum innan fangelsisins í þessu tilviki ekki getað talist þjóðfélagslega nauðsynlegt. Með vísan til þess var brotið gegn réttindum kæranda samkvæmt 10. gr. sáttmálans.

Kærandi gerði ekki kröfur um bætur.

Tveir dómarar skiluðu séráliti.

14. gr. Bann við mismunun

Gas og Dubios gegn Frakklandi

Dómur frá 15. mars 2012

Mál nr. 25951/07

8. gr. Friðhelgi einkalífs og fjölskyldu

14. gr. Bann við mismunun

Ættleiðing. Samkynhneigðir. Réttarstaða sambúðarmaka.

1. Málsatvik

Kærendur, Valérie Gas og Nathalie Dubios, eru franskir ríkisborgarar. Þær eru fæddar 1961 og 1965 og hafa verið í sambúð frá árinu 1989. Árið 2000 ól Nathalie Dubios dóttur sem var getin með tæknifrjóvgun með gjafasæði frá nafnlausum sæðisgjafa í Belgíu. Í samræmi við belgísk lög hafði barnið engin lagaleg tengsl við sæðisgjafann, kynföður sinn. Dóttir Nathalie Dubios hefur ætíð búið hjá kærendum. Samkynhneigðir geta ekki gengið í hjónaband í Frakklandi en árið 2002 skráðu kærendur sig í sambúð. Árið 2006 óskaði

14. gr. Bann við mismunun

Valérie Gas eftir því að fá að ætteleiða dóttur Nathalie Dubios en franskir dómstólar töldu að ekki væru lagaskilyrði fyrir slíkri ætteleiðingu. Var vísað til þess að samkvæmt frönskum lögum myndi ætteleiðingin hafa þau réttaráhrif að Nathalie Dubios missti réttindi sín og skyldur sem móðir barnsins. Ástæðan var sú að samkvæmt frönskum lögum hafði ætteleiðing þau áhrif að kynforeldrar misstu réttindi og skyldur sínar sem foreldrar. Í lögnum var undanþáguákvæði sem kvað á um að maki kynforeldris sem ætteleiddi barn þess síðarnefnda myndi deila réttindum og skyldum með kynforeldrinu. Þetta ákvæði var hins vegar ekki talið eiga við um sambúðaraðila í skráðri sambúð.

2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólnum

Kæran

Kærandur reistu kröfu sína á því að brotið hefði verið gegn 14. gr., sbr. 8. gr. sáttmálans þar sem Valérie Gas hefði verið meinað að ætteleiða barn sambúðarmaka síns.

Niðurstaða

Dómstóllinn taldi að aðstæður kæranda væru ekki sambærilegar aðstæðum hjóna. Hann vísaði til þess að sáttmálinn legði ekki þá skyldu á herðar aðildarríkjunum að veita samkynhneigðum möguleika á að ganga í hjónaband. Kysi aðildarríki að veita samkynhneigðum þörum lagalega viðurkenningu hefði það vitt svigrúm til mats á því hvaða réttaráhrif slík viðurkenning hefði. Dómstóllinn vísaði einnig til þess að sú regla sem kom í veg fyrir ætteleiðingu Valérie Gas ætti einnig við í þeim tilvikum þegar um væri að ræða einstaklinga af gagnstæðu kyni sem væru í sama sambúðarformi og kærandur. Með vísan til þessa var ekki talið að brotið hefði verið gegn 14. gr., sbr. 8. gr. sáttmálans.

Einn dómari skilaði séráliti.

Konstantin Markin gegn Rússlandi – Yfirdeild

Dómur frá 22. mars 2012

Mál nr. 30078/06

8. gr. Friðhelgi einkalífs og fjölskyldu

14. gr. Bann við mismunun

Hermenn. Mismunun á grundvelli kynferðis. Foreldraorlof.

1. Málsatvik

Kærandi, Konstantin Markin, er rússneskur ríkisborgari, fæddur árið 1976 og búsettur í borginni Velikiy Novgorod í Rússlandi. Árið 2004 skráði hann sig í rússneska herinn en í ráðningarsamningi hans skuldbatt hann sig til að þjóna í hernum í samræmi við þær aðstæður sem honum væru búnar í lögum. Bæði karlkyns og kvenkyns hermenn sinntu því starfi sem kærandi gegndi. Eftir að kærandi og eiginkona hans skildu þurfti kærandi einn að sjá um uppeldi barna sinna. Kærandi sótti um þriggja ára foreldraorlof í kjölfar

14. gr. Bann við mismunun

Þess að hann eignaðist þriðja barn sitt. Beiðninni var hafnað með vísan til þess að svo löng foreldraorlof væru samkvæmt lögum einungis veitt kvenkyns hermönnum. Kærandi fékk þriggja mánaða foreldraorlof þess í stað. Nokkrum vikum eftir að það hófst var kærandi kallaður aftur til starfa. Kærandi lét reyna á synjun rússneska hersins fyrir dómstólum en í janúar 2009 hafnaði rússneski stjórnlagadómstóllinn kröfu hans. Í desember 2008 hætti kærandi í hernum af heilsufarsástæðum.

2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólnum

Kæran

Kærandi taldi að brotið hefði verið gegn réttindum hans samkvæmt 14. gr., sbr. 8. gr. sáttmálans með því að synja honum um foreldraleyfi á grundvelli kynferðis.

Niðurstaða

Dómstóllinn tók fram að mjög veigamikil rök þyrfti til að réttlæta mætti mismunun á grundvelli kynferðis. Þótt herir aðildarríkjanna gætu vart starfað án lagareglna til að halda uppi heraga gætu aðildarríkin ekki beitt slíkum reglum til að hindra að einstaklingar geti notið friðhelgi einkalífs. Enda þótt 8. gr. sáttmálans legði ekki þá skyldu á aðildarríkin að þau veittu borgurinum rétt til foreldraorlofs féllu reglur um slíkt orlof undir verndarsvið ákvæðisins. Dómstóllinn tók fram að kærandi hefði verið í sömu stöðu og kvenkyns hermenn til að taka foreldraorlof þar sem slíkt orlof væri ætlað jafnt fyrir feður sem mæður til að sinna nýfæddum börnum sínum. Dómstóllinn tók fram að sérstök sjónarmið ættu við um heri og að réttindi hermanna gætu verið takmörkuð í ríkara mæli en almennra borgara. Aftur á móti yrðu slíkar takmarkanir að vera reistar á mjög sterkum rökum. Þá benti dómstóllinn á að meirihluti Evrópuríkja heimilaði almennum borgurum sínum af báðum kynjum að taka foreldraorlof. Mörg þeirra veittu hermönnum af báðum kynjum þann sama rétt. Dómstóllinn féllst ekki á að ólík meðhöndlun kynjanna að þessu leyti, eins og átti við í tilviki kæranda, væri jákvæð mismunun konum til hagsbóta. Slík mismunandi meðferð væri til þess fallin að ýta undir staðalímyndir kynjanna sem væru konum óhagstæðar í atvinnulífinu og körlum í fjölskyldulífinu. Þá gætu ríkjandi hefðir ekki réttlætt mismunandi meðferð að þessu leyti. Ekki var fallist á að foreldraorlof karlkyns hermanna myndi draga úr virkni herja, enda höfðu rússnesk stjórnvöld ekki gert neinar rannsóknir á því hversu margir rússneskir hermenn myndu taka þriggja ára foreldraorlof. Ekki nægði í þessu samhengi að benda á að allir rússneskir hermenn væru á barneignaraldri. Dómstóllinn benti einnig á að rússnesk lög væru mjög ósveigjanleg og að samkvæmt þeim væri ekkert svigrúm fyrir karlkyns hermenn til að taka foreldraorlof. Herjum aðildarríkjanna væri heimilt að veita takmarkaðri réttindi til foreldraorlofs en ætti við um almenna borgara að því gefnu að með því væri kynjunum ekki mismunað. Í ljósi alls ofangreinds, og þess að kærandi hafði sinnt starfi innan rússneska hersins sem konur gegndu einnig, taldi dómstóllinn að kæranda hefði verið mismunað. Var því talið að brotið hefði verið gegn 14. gr., sbr. 8. gr. sáttmálans.

14. gr. Bann við mismunun

Kærandi voru dæmdar 3.000 evrur í miskabætur og 3.150 evrur í málskostnað.

Fimm dómáramar skiluðu sérálitum.

Ahrens gegn Þýskalandi

Dómur frá 22. mars 2012

Mál nr. 45071/09

8. gr. Friðhelgi einkalífs og fjölskyldu

14. gr. Bann við mismunun

Þörn. Faðernismál. Réttur til að fá faðerni viðurkennt.

1. Málsatvik

Kærandi, Denis Ahrens, er þýskur ríkisborgari, fæddur árið 1970 og býr í Berlín. Kona sem hann hafði átt ástarsamband við eignaðist stúlkubarn árið 2005 og taldi kærandi að hann væri faðir barnsins. Á þeim tíma bjó konan með öðrum manni og fóru hún og sambýlismaðurinn með forsjá barnsins. Viðurkenndi sá maður að hann væri faðir barnsins og var jafnframt skráður faðir þess. Kærandi höfðaði mál fyrir þýskum dómstólum og krafðist viðurkenningar á því að hann væri faðir barnsins. Eftir að framkvæmd var mannfæðræðileg rannsókn var sýnt fram á að kærandi væri kynfaðir barnsins. Engu að síður var kröfu kærandi hafnað þar sem ekki var til staðar heimild fyrir kærandi til að krefjast viðurkenningar á faðerni barnsins í ljósi tengsla barnsins við sambýlismann móðurinnar samkvæmt faðernisviðurkenningu.

2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólnum

Kæran

Kærandi reisti kærú sína bæði á 8. gr. sáttmálans einni sér en einnig á 8. gr., sbr. 14. gr. sáttmálans. Taldi kærandi að brotið hefði verið á honum þar sem hann hefði ekki getað látið reyna á faðerni barnsins fyrir dómstólum, en slíkt hefði barninu sjálfu verið heimilt og lagalegum foreldrum þess.

Niðurstaða

Dómstóllinn taldi að réttur kærandi til friðhelgi einkalífs hefði verið takmarkaður með niðurstöðu þýskra dómstóla. Aftur á móti var ekki fallist á að réttur kærandi til fjölskyldulífs hefði verið takmarkaður, enda hefðu ekki skapast náin persónuleg tengsl milli kærandi og barnsins. Dómstóllinn rakti að meðal aðildarríkja sáttmálans væri ekki samstaða um það hvort veita ætti mönnum sem teldu sig vera feður þegar feðraðra barna úrræði til að láta reyna á faðernið. Aðildarríkin hefðu því vítt svigrúm til mats hvað þetta varðaði. Dómstóllinn tók fram að kærandi hefði hagsmuni af því að fá tengsl sín við barn sitt viðurkennt. Aftur á móti hefðu þýskir dómstólar fylgt eftir þýskri löggjöf sem miðaði að því að vernda fjölskyldutengsl milli dóttur kærandi og lagalegs föður hennar. Lagalegur faðir dóttur kærandi sinnti daglega skyldum sínum sem foreldri hennar. Aðildarríkin yrðu að meta í hverju tilviki hvort það

14. gr. Bann við mismunun

væri barni fyrir bestu að komið yrði á einhvers konar tengslum milli þess og líffræðilegs föður. Í þessari skyldu væri þó ekki fólgið að kynfeður skyldu eiga möguleika á að höfða faðernismál fyrir dómstólum. Dómstóllinn taldi að mat þýskra dómstóla hefði að þessu leyti verið fullnægjandi og að ekki hefði verið brotið gegn 8. gr. sáttmálans. Ekki var heldur fallist á að brotið hefði verið gegn 8. gr. sáttmálans, sbr. 14. gr. hans.

Granos Organicos Nacionales S.A. gegn Þýskalandi

Dómur frá 22. mars 2012

Mál nr. 19508/07

Sjá reifun dómsins undir 6. gr.

Gjafsókn. Lögaðilar. Mismunandi meðferð á grundvelli þjóðernis.

1. gr. 1. viðauka. Friðhelgi eignarréttar

Malik gegn Bretlandi

Dómur frá 13. mars 2012

Mál nr. 23780/08

1. gr. 1. viðauka Friðhelgi eignarréttar

Hugtakið eign. Starf samkvæmt opinberu leyfi. Viðskiptavild.

1. Málsatvik

Kærandi, Zafar Iqbal Malik, er breskur ríkisborgari, fæddur árið 1943 og búsettur í Lundúnum. Frá árinu 1978 var hann sjálfstætt starfandi heimilislæknir. Árið 2004 gerði kærandi samning við sjúkrasamlag sem starfaði á grundvelli reglna breska heilbrigðiskerfisins. Samkvæmt samningnum var kærandi skuldbundinn til að sjá til þess að sjúklingum sem nutu tryggingarverndar kerfisins yrði veitt tiltekin þjónusta. Á móti fékk kærandi greiðslur úr samlaginu sem miðuðust við fjölda þeirra sjúklinga sem skráðir voru á heilsugæslustöð hans. Samlagið greiddi kæranda einnig húsaleigu en húsnæðið sem heilsugæslustöðin var í var í eigu kæranda. Í byrjun árs 2005 fóru starfsmenn sjúkrasamlagsins í vettvangsathugun á heilsugæslustöð kæranda og gerðu margs konar athugasemdir við aðbúnað og þá þjónustu sem veitt var á stöðinni. Í kjölfarið var kæranda og heilsugæslustöð hans tímabundið gert að hætta þjónustu fyrir sjúkrasamlagið á meðan mál hans væri til skoðunar. Í mars 2005 var síðan tekin ákvörðun af hálfu sjúkrasamlagsins um að víkja kæranda frá störfum fyrir samlagið í hálf t. ári. Kærandi hóf þá málarekstur fyrir dómstólum til að fá ákvörðunina fellda úr gildi en hann hélt því m.a. fram að verulegir formgallar hefðu verið á meðferð málsins. Sjúkrasamlagið hélt áfram að greiða kæranda 90% þeirra greiðslna sem hann hafði áður fengið fyrir að annast sjúklinga og tók mál kæranda til nýrrar skoðunar 3. ágúst 2005. Þá var tekin ákvörðun um að víkja kæranda frá störfum í tvo mánuði til viðbótar. Í millitíðinni deildu kærandi og sjúkrasamlagið um það hvaða greiðslur kærandi skyldi fá meðan

1. gr. 1. viðauka. Friðhelgi eignarréttar

málið var til meðferðar og hvort einnig skyldi greiða honum húsaleigu. Breskir dómstólar ógiltu síðan ákvarðanir sjúkrasamlagsins vegna verulegra galla á meðferð málsins. Kærandi hélt því fram að hann ætti rétt á skaðabótum á grundvelli breskra laga um vernd mannréttinda enda hefðu eignarréttindi hans samkvæmt 1. gr. 1. viðauka sáttmálans verið skert með ólögmætum hætti. Á þetta var fallist í undirrétti en ekki fyrir áfrýjunardómstól í Bretlandi.

2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólnum

Kæran

Kærandi hélt því fram að brotið hefði verið gegn eignarréttindum hans samkvæmt 1. gr. 1. viðauka sáttmálans með því að taka hann af lista sjúkrasamlagsins yfir starfandi heimilislækna.

Niðurstaða

Dómstóllinn tók fram að skráning kæranda á lista sjúkrasamlagsins yfir starfandi heimilislækna teldist ein og sér ekki eignarréttindi í skilningi 1. gr. 1. viðauka sáttmálans. Til að leiða í ljós hvort eignarréttindi kæranda hefðu verið skert yrði að sýna fram á að rekstur hans á heilsugæslustöð væri eign í skilningi ákvæðisins. Í því sambandi benti dómstóllinn á að kærandi hafði komið sér upp viðskiptavinahópi með 1.400 sjúklingum, hann aflaði sér lífsviðurværis með rekstri heilsugæslustöðvarinnar og tekjur hans voru í beinu samhengi við fjölda sjúklinga sem hann annaðist. Loks benti dómstóllinn á að kærandi naut ákveðinnar viðskiptavildar í starfi. Dómstóllinn áréttaði að í málum um takmarkanir á möguleikum kæranda til að stunda áfram tiltekið fag hefði hann álitnið slíkar takmarkanir fela í sér skerðingu eignarréttar ef þær hefðu veruleg áhrif á starfsaðstæður, minnkuðu starfssvið kæranda, drægju verulega úr tekjum þeirra og þegar virði viðskiptamannahóps og starfsemi þeirra minnkaði. Dómstóllinn benti á að kærandi hefði ekki náð að sýna fram á að hann hefði orðið fyrir tekjuskurðingu að því leyti sem kærandi hafði fengið greitt fyrir að annast sjúklinga. Að því leyti sem kærana laut að greiðslum vegna leigu á húsnæði kæranda benti dómstóllinn á að kærandi hefði ekki nýtt þær kæruleiðir sem honum buðust vegna þess atriðis. Dómstóllinn taldi að kæranda hefði ekki tekist að sýna fram á að hann hefði misst viðskiptavini vegna ágreinings hans og sjúkrasamlagsins. Ekki var því talið liggja fyrir að þær væru til komnar vegna þess að kæranda var tímabundið vikið af lista sjúkrasamlagsins á árinu 2005. Dómstóllinn benti á að sjúkrasamlagið hefði gripið til ráðstafana til að tryggja starfsemi heilsugæslustöðvar kæranda og t.d. ekki gripið til þess ráðs að dreifa sjúklingum hans milli annarra starfandi lækna heldur fremur reynt að fá afleysingalækna til að sinna þeim. Þá hefði kærandi ekki sýnt fram á að hann hefði orðið fyrir beinum eða fjárhagslegum áhrifum vegna þessa. Dómstóllinn tók fram að afskipti sjúkrasamlagsins kynnu að hafa haft áhrif á viðskiptavild heilsugæslustöðvar kæranda. Aftur á móti kæmi þetta álitæfni ekki til skoðunar þar sem kærandi gat ekki framselt viðskiptavildina og gat virðisrýrnunin því ekki haft nein áhrif fyrir hann.

1. gr. 1. viðauka. Friðhelgi eignarréttar

Í ljósi alls ofangreinds var talið að eignarréttindi kæranda hefðu ekki orðið fyrir skerðingu og því ekki brotið gegn 1. gr. 1. viðauka sáttmálans.

Kotov gegn Rússlandi - Yfirdeild

Dómur frá 3. apríl 2012

Mál nr. 54522/00

1. gr. 1. viðauka. Friðhelgi eignarréttar

Hugtakið eign. Kröfuréttindi. Abyrgð á störfum skiptastjóra.

1. Málsatvik

Kærandi, Vladimir Mikhaylovich Kotov, er rússneskur ríkisborgari, fæddur árið 1948 og búsettur í borginni Krasnodar í Rússlandi. Í apríl 1994 stofnaði hann reikning í banka í borginni og lagði inn á hann umtalsverða fjárhæð. Síðar sama ár ákvað hann að loka reikningnum og taka út innstæðuna með vöxtum þar sem bankinn hafði ákveðið að lækka vextina á reikningnum. Bankinn tilkynnti kæranda hins vegar að ekki væri hægt að verða við beiðni hans vegna slæmrar lausafjárstöðu bankans. Í kjölfarið höfðaði kærandi mál á hendur bankanum. Með tveimur dómum árin 1995 og 1996 féllst héraðsdómur Krasnodar á kröfu kæranda og mælti fyrir um að bankinn skyldi greiða honum innstæður hans ásamt vöxtum, samtals 17.983 rúblur. Í millitíðinni hafði héraðsdómur fallist á gjaldþrotaskipti bankans og skipað skiptastjóra yfir búinu. Eftir skoðun kom í ljós að heildareignir bankans dugðu ekki fyrir skuldum. Í slíkum tilfellum gerðu ákvæði landslaga ráð fyrir því að kröfur innstæðueigenda, á borð við kæranda, nytu forgangsréttar í búíð. Þrátt fyrir það ákvað nefnd kröfuhafa að gefa ákveðnum kröfuhöfum enn frekari forgang en að framan greinir. Skiptastjóri framfylgdi ákvörðun nefndarinnar og greiddi 700 einstaklingum upp í kröfur sínar að fullu. Kærandi var ekki einn þeirra en hann fékk aðeins greiddar 140 rúblur úr þrotabúinu, eða 0,78% krafna sinna. Árið 1998 féllust viðskiptadómstólar á kröfur kæranda og staðfestu að skiptastjóri hefði brotið gegn rétti hans með rangri lagatúlkun. Var skiptastjóra fyrirskipað að greiða kæranda úr búinu þá fjárhæð sem hann átti rétt á. Skiptastjóri varð ekki við þessu enda voru engar eignir eftir í búinu. Kærandi fór því á ný með mál fyrir dómstóla og gerði kröfur á hendur skiptastjóranum persónulega. Árið 1999 vísaði dómstóll kröfu hans á hendur skiptastjóra frá dómi þar sem hætta var talin á því að ef á hana yrði fallist kynni kærandi að fá tvígreitt, þ.e. bæði úr hendi skiptastjóra og úr búinu, en skiptum var þá enn ekki lokið á því. Skömmu síðar lauk skiptum án þess að frekari eignir kæmu fram.

2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólnum

Kæran

Kærandi hélt því fram að brotið hefði verið gegn rétti hans samkvæmt 1. gr. 1. viðauka sáttmálans.

Niðurstaða

Mannréttindadómstóllinn áréttaði að málsaðilar væru sammála um eftirfarandi atriði í málinu: 1) Að krafa kæranda á hendur bankanum teldist eign hans samkvæmt sáttmálanum, 2) að úthlutun eigna bankans af hálfu skiptastjóra búsins hefði verið ólögmat og 3) að kærandi hefði fengið í sinn hlut mun lægri fjárhæð en hann átti rétt á. Kærandi hafði því verið sviptur eign sinni vegna ólögmatrar háttsemi skiptastjórans. Rússnesk stjórnvöld héldu því fram að þar sem skiptastjórinn væri einkaaðili sem kæmi ekki fram fyrir hönd ríkisins félli málið utan lögsögu dómstólsins. Dómstóllinn hafði í fyrri málum komist að þeirri niðurstöðu að stjórnvöld gætu ekki firrt sig ábyrgð með því að færa skyldur sínar yfir á einkaaðila. Hins vegar bæru ríki almennt ekki ábyrgð á brotum einkaaðila. Skiptastjórar voru samkvæmt rússneskum lögum sjálfstæðir í starfi gagnvart ríkinu og báru aðeins ábyrgð gagnvart kröfuhöfum. Yfirvöld höfðu ekki boðvald yfir þeim og komu ekki nálægt skiptaferlinu sjálfu. Þá gátu dómstólar aðeins skorið úr um lögmæti aðgerða skiptastjóra að þeim loknum. Ekki var því hægt að draga ríkið til ábyrgðar vegna brota skiptastjórans gagnvart kröfuhöfum. Þrátt fyrir þetta bar ríkið ábyrgð á að til staðar væri regluverk sem tryggði aðilum vernd eignarréttar síns. Dómstóllinn lagði því mat á þau réttarræði sem stóðu kæranda til boða og hvers vegna beiting þeirra hefði reynst árangurslaus. Þótt kærandi hefði unnið mál á hendur bankanum fékk hann ekki kröfu sína greidda þar sem engar eignir voru eftir í þrotabúinu. Þegar það lá ljóst fyrir var eina úrræðið sem honum stóð til boða að fara í skaðabótamál við skiptastjóran, sem hann gerði. Stjórnvöld bentu á að kærandi hefði ekki staðið rétt að í málsókn sinni gegn skiptastjóranum, hann hefði höfðað mál fyrir röngum dómstól og auk þess áður en skiptaferlinu lauk. Mannréttindadómstóllinn taldi að þótt dómstólar aðildarríkjanna væru að öllum líkindum betur til þess fallnir að skera úr um ákvæði landslaga þá hefðu réttarfarsreglur í Rússlandi á þeim tíma sem málið kom upp verið óskýrar um það fyrir hvaða dómstóli kærandi hefði átt að sækja mál sitt gegn skiptastjóranum. Mannréttindadómstóllinn féllst þó á það með stjórnvöldum að höfðun skaðabótamáls gegn skiptastjóranum fyrir skiptalok hefði falið í sér hættu á að tjónþoli fengi tjón sitt tvíbætt. Kæranda hafi því borið, sem kröfuhafa í búinu, að biða með slíka málsókn þar til skiptaferlinu væri formlega lokið. Kærandi gerði það ekki og þar með fyrirgerði hann kröfu sinni á hendur skiptastjóranum. Dómstóllinn taldi því að ríkið hefði ekki brotið gegn kjarna þeirra réttinda sem 1. gr. 1. viðauka sáttmálans mælti fyrir um.

Sjö dómáramar skiluðu séráliti.

Lindheim o.fl. gegn Noregi

Dómur frá 12. júní 2012

Mál nr. 13221/08 og 2139/10

1. gr. 1. viðauka. Friðhelgi eignarréttar

Hugtakið eign. Leigusamningar um land. Réttindi leigusala.

1. Málsatvik

Kærandur eru Berit Mogan Lindheim, Knut Heian, hjónin Ellinor og Georg Nilsen, Nina Titten Brandt-Kjelsen og Dagfinn Bonde Henrikssen. Þeir eru landeigendur í Noregi, sem leigðu út hluta landareigna sinna með lóðarleigusamningum með gildistíma frá 40 árum til 99 ára. Ný lög um lóðarleigu voru sett í Noregi árið 1996 og tóku þau gildi 2002. Gerðar voru breytingar á lögnum sem tóku gildi hinn 1. nóvember 2004, og veittu leigutökum rétt til þess að krefjast sjálfkrafa framlengingar á lóðarleigusamningum sínum með sömu skilmálum, að gildistíma þeirra liðnum, og væri sú framlenging ótímabundin. Í máli sem höfðað var fyrir norskum dómstólum af leigusala ótengdum kærandum þessa máls komst Hæstiréttur Noregs að þeirri niðurstöðu að framangreind lög miðuðu að því að vernda rétt leigutaka til búsetu og brytu því hvorki gegn ákvæðum norsku stjórnarskrárinnar né mannréttindasáttmálans. Kærandur höfðu allir staðið í samningaviðræðum við leigutaka sína vegna framlengingar á lóðarleigusamningum þeirra. Leigutakarnir neituðu að ganga að skilmálum þeirra um hækkun leiguverðs og kröfðust þess að samningarnir yrðu framlengdir á grundvelli lóðarleigulaganna með sömu skilmálum. Kærandur reyndu að leita réttar síns fyrir norskum dómstólum en án árangurs.

2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólnum

Kæran

Kærandur töldu að lagabreytingin frá árinu 2004 hefði brotið gegn 1. gr. 1. viðauka sáttmálans og rétti þeirra til friðhelgi eignarréttar.

Niðurstæða

Aðilar málsins voru sammála um að lóðarleigulögin hefðu falið í sér skerðingu á eignarrétti kæranda og að sú skerðing ætti sér stoð í settum lögum. Dómstóllinn taldi einnig að lögin settu skorður við því hvernig kærandur gætu notið eigna sinna. Aðilar deildu hins vegar um hvort skerðingin stefndi að lögmætu markmiði og hvort skerðingin bryti gegn meðalhófsreglu. Dómstóllinn tók fram að yfirvöld aðildarríkja sáttmálans væru í meginatriðum í betri aðstöðu en alþjóðlegir dómstólar til þess að meta hvaða ráðstafanir teldust best þjóna þörfum samfélagsins. Þar að auki yrði að ljá þjóðþingum aðildarríkjanna rúmt svigrúm til pólitískrar og samfélagslegrar stefnumörkunar með lagasetningu.

Markmið norska löggjafans hefði verið að tryggja rétt leigutaka, sem gætu ekki keypt lóðir sem þeir bjuggu á, til nýtingar og ráðstöfunar á lóðunum og veitti þeim rétt til þess að krefjast ótímabundinnar framlengingar á lóðar-

1. gr. 1. viðauka. Friðhelgi eignarréttar

leigusamningum sínum, með sömu skilmálum og gilt höfðu í fyrri samningi. Í greininni var ekki gerður greinarmunur á því hvort um lóðir undir sumarhús eða íbúðarhús væri að ræða og ekki var litið til fjárhagsstöðu leigutaka. Dómstóllinn taldi að þótt lagagreinin væri ekki takmörkuð við þau tilvik þar sem leigutakar væru í fjárhagsörðugleikum, hefði hún stefnt að því lögmeta markmiði að tryggja fjárhagsstöðu norskra leigutaka og væri að því leyti í samræmi við sáttmálann.

Þegar litið væri til þess hvort meðalhöfs hafi verið gætt við eignaskerðinguna, tók dómstóllinn fram að út frá hagsmunum leigusala hafi leiguverð lóðanna ekki verið í samræmi við verðþróun fasteigna í landinu, enda hefði fasteignaverð hækkað frá árinu 1980. Hins vegar hefðu leigutakar ríka hagsmuni af því að leigusamningar þeirra héldu gildi sínu eftir að þeir rynnu út. Erfitt væri og flókið að finna milliveg við lagasetninguna og höfðu yfirvöld reynt að setja skýrar reglur til að koma í veg fyrir fjölda dómsmála vegna framlengingar lóðarleigusamninga. Ef litið væri til þess ástands sem skapaðist við setningu laganna árið 2002, taldi dómstóllinn að margir leigutakar hefðu þurft að þola umtalsverðar hækkanir á samningum sínum, en lögin gerðu ráð fyrir leiðréttingu á leiguverði til samræmis við þróun neyslúvísitölu. Við lagabreytinguna árið 2004 hafði að mati dómstólsins ekki farið fram mat á því hvort lagabreytingin tæki nægjanlegt tillit til hagsmuna bæði leigutaka og leigusala. Kærendur hefðu í raun ekki fengið hátt leiguverð fyrir lóðir sínar, eða undir 0,25% af söluverðmæti þeirra. Framlenging lóðarleigusamninganna samkvæmt lögnum hindraði að leiguverðið gæti tekið hækkunum umfram vísitöluhækkun. Því hefði markaðsvirði lóða ekki endurspeglast í leiguverði þeirra. Leigutakar hefðu fullan rétt á því að framselja leigurétt sinn til þriðja aðila, og hagnast þar með á mögulegri verðhækkun lóðarinnar. Leigusalar sem seldu lóðir sínar nýtu ekki eins ríkra réttinda þar sem takmörkunin á hækkun leiguverðsins yrði enn til staðar ótímabundið. Dómstóllinn taldi að kærendur mættu hafa átt lögmetar væntingar til þess að lóðarleigusamningar þeirra rynnu út eins og tilgreint væri í skilmálum þeirra, án þess að til inngripa yfirvalda kæmi.

Í ljósi þessa alls taldi dómstóllinn að lagabreytingin hefði skert fjárhagslega hagsmuni kærenda og ekki hefði verið tekið nægjanlegt tillit til eignarréttar þeirra. Því taldi dómstóllinn að um brot gegn 1. gr. 1. viðauka sáttmálans væri að ræða. Dómstóllinn taldi að þar sem brotið ætti sér rætur í norskrei löggjöf þyrfti ríkið að finna leiðir til úrbóta með lagasetningu eða öðrum aðgerðum. Útfærsla slíkra úrbóta væri á hendi norska ríkisins.

Á grundvelli 41. gr. sáttmálans dæmdi dómstóllinn kærendum bætur fyrir fjártjón á bilinu 4.900 evrur til 9.570 evra frá norska ríkinu og ríkið til greiðslu málskostnaðar að upphæð 200.000 evrur. Dómstóllinn hafnaði bótakröfu kærenda vegna tekjutaps.

Herrmann gegn Þýskalandi
Dómur frá 26. júní 2012 - Yfirdeild
Mál nr. 9300/07

1. gr. 1. viðauka. Friðhelgi eignarréttar
Réttindi landeigenda. Veidifélög. Skoðanafrelsi. Skylduaðild.

1. Málsatvik

Kærandi, Günter Herrmann, er þýskur ríkisborgari, fæddur árið 1955 og býr í Stutensee í Þýskalandi. Hann er eigandi tveggja landspildna, sem eru hvor um sig minni en 75 hektarar. Samkvæmt lögum er hann sjálfkrafa félagi í veiðifélagi á grundvelli þessa og þarf því samkvæmt lögum að sæta því að dýr séu veidd á landareign hans. Þar sem hann er mótfallinn öllum veiðum, lagði hann fram beiðni hjá yfirvöldum um að fá að ganga úr veiðifélaginu, en beiðni hans var hafnað. Hann fór með mál sitt fyrir dómstóla, en beiðni hans var hafnað á öllum dómstigum. Í desember 2006 neitaði þýski stjórnlagadómstóllinn að taka mál hans fyrir og tók fram að veiðilöggjöfin væri sett til verndar villtum dýrum í því skyni að tryggja fjölbreytt dýralíf og hafa stjórn á veiðum. Stjórnlagadómstóllinn taldi að skylduaðild að veiðifélagi væri nauðsynleg til þess að ná fram markmiðum löggjafarinnar og bryti á engan hátt gegn eignarrétti kæranda né skoðanafrelsi hans. Honum hafi ekki verið mismunað á neinn hátt, þar sem lögin voru bindandi fyrir alla landeigendur í landinu, einnig þá sem ættu jarðir sem væru stærri en 75 hektarar, þó að þeir væru ekki skyldugir til aðildar að veiðifélagi.

2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólnum

Kæran

Kærandi taldi að skylda hans til aðildar að veiðifélagi og að hann þyrfti að þola veiðar á landareign sinni bryti gegn rétti hans til þess að njóta eigna sinna í friði samkvæmt 1. gr. 1. viðauka mannréttindasáttmálans. Ennfremur væri brotið gegn 9., 11. og 14. gr. sáttmálans.

Niðurstaða

Dómstóllinn skoðaði mál kæranda aðeins út frá 1. gr. 1. viðauka sáttmálans. Aðilar málsins voru sammála um, og tók dómstóllinn undir þá skoðun, að skyldan til að leyfa veiðar á landareign kæranda fæli í sér takmörkun á rétti hans til að njóta eigna sinna í friði. Þá taldi dómstóllinn að þýska veiðilöggjöfin gæti talist fela í sér almenna takmörkun á notkun eigna á grundvelli almannahagsmuna. Dómstóllinn vísaði til tveggja fyrri dóma sinna í málum gegn Frakklandi og Lúxemborg þar sem fjallað var um hvort skylda til þess að leyfa veiðar á landareign fæli í sér brot gegn 1. gr. 1. viðauka sáttmálans. Í kjölfar þeirra höfðu allnokkur aðildarríki sáttmálans breytt löggjöf sinni til samræmis við þá þannig að landeigendur gætu bannað veiðar á landi sínu eða gengið úr veiðifélögum eftir ákveðnum reglum.

Dómstóllinn taldi að markmið þýsku veiðilöggjafarinnar væri meðal annars að stuðla að sjálfbærri nýtingu veiðistofna, og væri að því leyti ekki ólík

1. gr. 1. viðauka. Friðhelgi eignarréttar

Þeirri löggjöf sem hefði verið við lýði í Frakklandi og Lúxemborg. Þýska ríkið lagði áherslu á að löggjöf þess hefði náð til landsins í heild, en franska löggjöfin hefði aðeins náð til ákveðinna héraða. Dómstóllinn tók fram varðandi þessa röksemd að breytingar sem gerðar voru á löggjöf í Þýskalandi árið 2006 gerði ríkjum þess kleift að taka upp eigin löggjöf varðandi stjórn veiða. Ekkert ríki hefði þó enn nýtt sér þessa heimild. Að mati dómstólsins var veiðilöggjöfin í þessu máli ekki verulega frábrugðin þeirri löggjöf sem fjallað var um í fyrrgreindum fordæmum. Dómstóllinn taldi að það vekti spurningar hvort hægt væri að krefjast þess af landeigendum að þeir hefðu frumkvæði að því að sækja bætur fyrir veiðar sem þeir væru mótfallnir af siðferðilegum ástæðum. Það væri vafasamt hvort landeigandi sem væri algerlega mótfallinn veiðum þyrfti að setta sig við að fá greiðslur fyrir veiðar á landareign sinni. Dómstóllinn taldi að þýska veiðilöggjöfin tæki ekki nægjanlegt tillit til lífsskoðana þeirra landeigenda sem væru mótfallnir veiðum. Hann komst að þeirri niðurstöðu að skyldan til að þola veiðar á landareign legði óhæfilegar byrðar á landeigendur og því væri um að ræða brot gegn 1. gr. 1. viðauka sáttmálsins.

Dómstóllinn dæmdi þýska ríkið til þess að greiða kæranda miskabætur að fjárhæð 5.000 evrur og 3.861 evru í málskostnað.

Fjórir dómarrar skiluðu séráliti.

3. gr. 1. viðauka. Réttur til frjálsra kosninga

Sitaropoulos og Giakoumopoulos gegn Grikklandi - Yfirdeild

Dómur frá 15. mars 2012

Mál nr. 42202/07

3. gr. 1. viðauka Réttur til frjálsra kosninga

Kosningar til þjóðþings. Réttur til kosningar utan kjörfundar.

1. Málsatvik

Kærendur, Nikolaous Sitaropoulos og Christos Giakoumopoulos, eru grískir ríkisborgarar, fæddir 1967 og 1958, og búa í Strassborg í Frakklandi. Þeir starfa í stjórnsýslu Evrópusambandsins. Þann 10. september 2007 óskuðu þeir eftir að fá að kjósa í grísku þingkosningunum sem halda átti 16. sama mánaðar. Laut beiðni þeirra að því að fá að greiða atkvæði sín í Frakklandi. Sendiherra Grikklands í Frakklandi hafnaði ósk kæranda, enda væru ekki til staðar neinar reglur um hvernig haga skyldi utankjörfundaratkvæðagreiðslum kjósenda utan Grikklands.

2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólnum

Kæran

Kærendur héldu því fram að brotið hefði verið gegn 3. gr. 1. viðauka sáttmálsins með því að skerða rétt grískra ríkisborgara sem búsettir væru utan Grikklands til að taka þátt í grísku þingkosningunum.

3. gr. 1. viðauka. Réttur til frjálsra kosninga

Niðurstaða

Dómstóllinn benti á að leysa þyrfti úr því hvort 3. gr. 1. viðauka við sáttmálann legði þá skyldu á aðildarríkin að koma á fót kerfi sem gerði ríkisborgurum þeirra kleift að nýta kosningarrétt sinn þar sem þeir væru búsettir erlendis. Dómstóllinn tók fram að ekki yrði séð að alþjóðalög eða löggjöf aðildarríkjanna gæfi til kynna að samstaða væri um það hvernig gera ætti kjósendum sem búsettir væru utan heimalanda sinna unnt að kjósa. Fenejjanefndin hefði haft þá afstöðu að æskilegt væri að borgarar sem búsettir væru erlendis gætu kosið en að ríkjum væri ekki skylt að gera slíkt mögulegt. Meirihluti ríkja Evrópuráðsins byði upp á þennan möguleika, en ekki öll, og fyrirkomulag slíkra utankjörfundaratkvæðagreiðslna væri mjög mismunandi. Í grísku stjórnarskránni væri gert ráð fyrir því að heimilt væri að útfæra í lögum slíkar atkvæðagreiðslur og hefði nokkrum sinnum verið reynt að samþykkja löggjöf þessa efnis á gríska þinginu, en án árangurs. Dómstóllinn taldi því að það væri ekki í hans verkahring að skylda grísk yfirvöld til að nýta umrædda stjórnarskrárheimild. Loks tók dómstóllinn fram að ekki yrði séð að sú röskun sem kærendur hefðu orðið fyrir við það að ferðast til Grikklands til að kjósa hefði verið meiri en réttlæt看anlegt var með tilliti til meðalhófs.

Dómstóllinn taldi því að ekki hefði verið brotið gegn réttindum kærenda samkvæmt 3. gr. 1. viðauka sáttmálans.

4. gr. 4. viðauka. Bann við hópbrottvísun útlendinga

Hirsi Jamaa o.fl. gegn Ítalíu - Yfirdeild

Dómur frá 23. febrúar 2012

Mál nr. 27765/09

1. gr. Gildissvið sáttmálans

3. gr. Bann við ómannúðlegri og vanvirðandi meðferð

4. gr. 4. viðauka. Bann við hópbrottvísun útlendinga

13. gr. Réttur til raunhæfs úrræðis til að leita réttar síns

Hælisleitendur. Yfirráðasvæði og lögsaga. Meðferð hælisbeiðni. Brottvísun.

1. Málsatvik

Kærendur eru ellefu ríkisborgarar Sómalíu og þrettán ríkisborgarar Eritreu. Þeir voru í u.þ.b. 200 manna hópi sem sigldi frá Líbíu á leið til Ítalíu á þremur bátum árið 2009. Þann 6. maí 2009, þegar bátarnir voru staddir á leitar- og björgunarsvæði Möltu, stöðvuðu ítölsk varðskip þá. Farþegarnir voru færðir um borð í ítölsku skipin og fluttir til Trípólí, höfuðborgar Líbíu. Kærendur segja að á leiðinni hafi ítölsk yfirvöld hvorki skýrt þeim frá hvert ferðinni væri heitið né kannað deili á þeim. Þegar til Trípólí kom eftir 10 klukkustunda sjóferð voru þeir afhentir líbískum yfirvöldum. Lýsti ítalski innanríkisráðherrann því yfir á blaðamannafundi 7. maí 2009 að aðgerðirnar hefðu verið í samræmi við tvíhliða samninga við Líbíu og að þær mörkuðu

4. gr. 4. viðauka. Bann við hópbrottvísun útlendinga

tímamót í baráttunni gegn ólöglegum innflutningi fólks frá Afríku. Í þingræðu 25. maí 2009 sagði ráðherrann yfir 470 manns þegar hafa verið stöðvaða á úthafinu og flutta til Líbíu í samræmi við samningana. Áleit hann þetta til þess fallið að fækka tilraunum til smygls fólki og mansals, að bjarga mannlífum á hafi úti og auk þess draga úr leynilegri landgöngu flóttamanna við strendur Ítalíu. Á árinu 2009 fóru fram níu aðgerðir, líkt og þær sem voru til skoðunar í þessu máli. Þann 26. febrúar 2011 lýsti ítalski varnarmálaráðherrann því yfir að tvíhliða samningarnir við Líbíu hefðu verið felldir úr gildi tímabundið í kjölfar óróans í Líbíu. Samkvæmt upplýsingum sem lögmenn kæranda lögðu fram hjá Mannréttindadómstólnum hafa tveir kæranda látist og eru ástæður þess óþekktar. Á tímabilinu júní til október 2009 höfðu fjórtán kæranda fengið stöðu flóttamanna hjá skrifstofu flóttamannaafulltrúa Sameinuðu þjóðanna í Trípólí. Eftir uppreisnina í Líbíu í febrúar 2011 tók kærendum og lögmönnum þeirra að ganga verr að halda sambandi. Lögmennirnir voru, þegar dómur dómstólsins var kveðinn upp, í sambandi við sex þeirra. Dvelja fjórir þeirra í Benín, á Möltu eða í Sviss og bíða sumir þeirra svars við beiðni sinni um alþjóðlega vernd. Einn kæranda er í flóttamannabúðum í Túnis og hyggst snúa aftur til Ítalíu. Í júní 2011 fékk einn kæranda stöðu flóttamanns á Ítalíu eftir að hann hafði komist þangað ólöglega aftur.

2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólnum

Kæran

Kærendur héldu því fram að ákvörðun ítalskra yfirvalda um að senda þá aftur til Líbíu hefði stofnað þeim í hættu á að sæta illri meðferð þar í landi auk þess sem þeim hefði verið stefnt í hættu á að verða sendir til baka til upprunalandanna sinna, Sómalíu og Eritreu. Bryti það gegn 3. gr. sáttmálans. Einnig héldu kærendur því fram að þeir hefðu sætt hópbrottvísun, sem bönnuð er með 4. gr. 4. sammingsviðauka við sáttmálann. Loks héldu þeir því fram að brotið hefði verið gegn 13. gr. sáttmálans, þar sem þeir hefðu engin raunhæf úrræði átt á Ítalíu til að fá úrlausn um rétt sinn gagnvart brotum gegn 3. gr. sáttmálans og 4. gr. 4. sammingsviðauka.

Niðurstaða

Um 1. gr.: Dómstóllinn tók fyrst afstöðu til álitafna um gildissvið mannréttinasáttmálans og lögsögu ítalska ríkisins. Hann tók fram að athafnir sem aðildarríki framkvæmdi eða hefðu áhrif utan yfirráðasvæðis þess gætu fallið undir lögsögu þess samkvæmt 1. gr. Ef ríki nýtti sér yfirráð sín eða boðvald gagnvart einstaklingi með aðkomu fulltrúa sinna utan yfirráðasvæðis síns, þá hvíldi á ríkinu skylda til að tryggja þeim einstaklingi réttindi samkvæmt sáttmálanum. Allt frá því að kærendur voru teknir um borð og þar til þeir voru afhentir líbískum yfirvöldum hefðu þeir verið undir óskoruðum yfirráðum ítalskra stjórnvalda bæði að lögum og í reynd, enda um borð í ítölskum herskipum þar sem öll áhöfn var skipuð hermönnum. Atvikin hafi því gerst innan yfirráðasvæðis Ítalíu í skilningi 1. gr. sáttmálans.

4. gr. 4. viðauka. Bann við hópbrottvísun útlendinga

Um 3. gr.: Um hættu á að sæta illri meðferð í Líbíu. Dómstóllinn benti á að þótt aukið álag væri á Evrópuríkjum vegna vaxandi straums flóttafólks frá öðrum heimsálfum leysti það ríki ekki undan skyldu til að flytja ekki á brott neinn þann sem hætta yrði á að sætti meðferð í móttökuríkinu sem bryti gegn 3. gr. Fjallaði dómstóllinn um ástandið í Líbíu og meðferð á flóttafólki og hælisleitendum þar á þeim tíma er atvikin urðu og vísaði til neikvæðra skýrslna þar að lútandi, og ennfremur skýrslu evrópskrar nefndar um varnir gegn pyndingum og ómannlegri eða vanvirðandi meðferð eða refsingu frá árinu 2010. Ítalska ríkið hefði haldið því fram að Líbía væri öruggur staður fyrir flóttafólk og að Líbía færi að alþjóðlegum skuldbindingum sínum um hæli og vernd flóttamanna. Dómstóllinn benti hins vegar á að hvorki landslög né alþjóðasáttmálar dygðu ein og sér til að tryggja viðunandi vernd gegn illri meðferð þegar áreiðanlegar heimildir væru fyrir framkvæmd sem gengi gegn meginreglum sáttmálans. Ennfremur gæti ítalska ríkið ekki komið sér undan ábyrgð sinni samkvæmt sáttmálanum með því að vísa til síðari skuldbindinga á grundvelli tvíhliða samninga við Líbíu. Dómstóllinn áréttaði skuldbindingar ríkja á grundvelli alþjóðalaga um flóttamenn, m.a. meginregluna um að vísa fólki ekki aftur þangað sem líf þess eða frelsi kann að vera í hættu. Hefði sú regla einnig verið tekin upp í sáttmála Evrópusambandsins um grundvallar-réttindi. Var það því niðurstaða dómstólsins að brotið hefði verið gegn 3. gr. sáttmálans.

Um 3. gr.: Um hættu á að sæta illri meðferð í upprunalandi. Dómstóllinn tók fram að ítölskum stjórnvöldum hefði borið að kanna hvort viðkomulandið gæfi tryggingu gegn gerræðislegri vísun fólks aftur þangað sem líf þess eða frelsi kynni að vera í hættu, einkum ef ríkið sem komið væri við í væri ekki aðili að sáttmálanum. Dómstóllinn benti á að Líbía hefði ekki fullgilt Flóttamannasamninginn og tók fram að í landinu hefði skort hvers kyns málsmeðferð til veitingar hælís og verndar. Gat því dómstóllinn ekki fallist á þau rök ítalska ríkisins að næg trygging væri gegn brottvísun kæranda til Sómalíu, enda hefðu mannréttindasamtök og flóttamannafulltrúi Sameinuðu þjóðanna fordæmt endursendingu margra hælisleitenda og flóttamanna til landa þar sem hættuástand ríkti. Dómstóllinn taldi að þegar kærendur hefðu verið fluttir til Líbíu hefðu ítölsk stjórnvöld vitað eða mátt vita að ónóg trygging væri fyrir því að þeir yrðu ekki á gerræðislegan hátt endursendir til upprunalanda sinna. Niðurstaða dómstólsins var því sú að ítalska ríkið hefði einnig brotið gegn 3. gr. sáttmálans að þessu leyti.

Um 4. gr. 4. viðauka: Dómstóllinn tók fram að hvorki texti né undirbúningsgögn sáttmálans útilokuðu beitingu ákvæðisins utan yferráðasvæðis ríkis. Ef 4. gr. 4. samningsviðauka ætti að takmarkast við hópbrottvísanir af yferráðasvæði aðildarríkjanna félli stór hluti flóttamannastraums utan gildisviðs ákvæðisins enda nyti þá flóttafólk, sem hefði flúið á hafi en ekki tekist að ná til landamæra ríkis, ekki sama réttar og þeir sem færu landleiðina til að fá leyst úr hælisbeiðni sinni. Dómstóllinn áréttaði að hið sérstaka eðli hafsvæða gerði þau ekki að svæðum utan laga og réttar. Komst dómstóllinn því að þeirri

4. gr. 4. viðauka. Bann við hópbrottvísun útlendinga

niðurstöðu að kærán væri tæk til meðferðar að því er varðaði 4. gr. 4. viðauka við sáttmálann. Hann tók fram að þótt margir útlendingar settu svipuðum ákvörðunum sem teknar væru á sama tíma þýddi það ekki endilega að um væri að ræða hópbrottvísun ef mál sérhvers hlutaðeigandi einstaklings hefði fengið tilhlýðilega skoðun. Í fyrirbyggjandi máli hefði flutningurinn til Líbíu farið fram án nokkurrar skoðunar á aðstæðum manna. Ítölsk yfirvöld hefðu ekki kannað deili á neinum, heldur hefðu kærendur einfaldlega verið teknir um borð og settir frá borði í Líbíu. Niðurstaða dómstólsins var að brottflutningur kæranda hefði í eðli sínu verið hópaðgerð, sem hefði brotið gegn 4. gr. 4. samningsviðauka við sáttmálann.

Um 13. gr.: Kærendur héldu því fram að þeir hefðu engar upplýsingar fengið frá ítölsku hermönnunum, sem hefðu gefið þeim í skyn að verið væri að fara með þá til Ítalíu og hefðu ekki upplýst þá um hvað þeir gætu gert til að komast hjá því að verða sendir aftur til Líbíu. Kærendum var því ókleift að leggja fram umkvartanir á grundvelli 3. gr. sáttmálans og 4. gr. 4. samningsviðauka hjá lögbæru yfirvaldi og að fá ítarlega og gaumgæfilega umfjöllun um þær áður en brottflutningnum yrði fullnægt. Dómstóllinn áréttaði að það leiddi af 13. gr. sáttmálans að framkvæmd ráðstöfunar yrði að fresta þegar hún væri andstæð sáttmálanum og kynni að hafa óafturkræf áhrif. Niðurstaða dómstólsins var að brotið hefði verið gegn 13. gr.

Samkvæmt 41. gr. sáttmálans var ítalska ríkinu gert að greiða hverjum kæranda 15.000 evrur í miskabætur og kærendum sameiginlega 1.575,74 evrur í málskostnað.

Einn dómari skilaði séráliti.